Landamerkjamálin
Bústaðir - Laugarnes & Kleppur 1890-1891

Aðfnr. 1366, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

No 4 Lagt fram í landsyfirdóminum 6. Júli 1891
A. Thorsteinsson

No 2 Lagt fram í landsyfirdóminum 6. okt. 1890
Jón Jensson

No Lagt fram í landsyfirrjettinum 6. júlí 1891

# Landamerkjamál

milli

Laugarness og Bústaða

No 2

Lagt fram í manntalsþingi Reykjavíkur- og Gullbringusýslu 7. desember 1891

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Franz Eduard Siemsen
sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Ár 1889 hinn 28. júní var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum í Seltjarnarnesshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen
útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða.

Af hendi Reykjavíkur bæjarstjórnar er mættur málaflutningsmaður Páll Briem eptir umboði, dags. 22. maí 1889 er auðk. Nr. 1 og hljóðar svo:

Nr. 1.
Útskript
úr
gjörðabók bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Ár 1888, fimmtudag 16. ágúst var fundur haldinn í bæjarstjórninni.
1. Samkvæmt ályktun á næsta fundi hafði meiri hluti bæjarstjórnarinnar riðið á merki milli Bústaða og Kleppi og Laugarnesslands, ásamt eiganda Bústaða kaupmanni H. Th. A. Thomsen. Hafði málsparta greint allmjög á um, hver örmerki þau sjeu, er landamerkjum eiga að ráða eptir gömlum skjölum og skilríkjum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sögn kunnugra manna. Bæjarstjórnin ályktaði að leita dóms og laga, til úrslita máls þessa, í einu hljóði. Formanni var falið að ráða málfærslumann í því skyni. Allir á fundi nema H. Friðriksson og Páll Þorkelsson.

Fundi slitið

Halldór Danielsson. Björn Jónsson. J. Jónassen. Jón Ólafsson. G. Þórðarson. Þórhallur Bjarnason. Guðbr. Finnbogason. E. Th. Jónassen.

Rjetta útskript staðfestir
Halldór Danielsson.

Samkvæmt ofanskráðu veiti jeg hjermeð herra yfirrjettarmálfærslumanni Páli Briem umboð til að leita úrslita landamerkjadóms um landamerki milli jarðanna Laugarness og Rauðarár í Seltjarnarnesshreppi, og er allt sem herra Páll, Nörus í þessu efni jafngilt og bindandi fyrir bæjarstjórnina eins og hún hefði gjört það sjálf.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 22. maí 1889.
Halldór Danielsson.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Mýrarhúsum
28. júní 1889.
Franz Siemsen

og leggur fram 1 stefnu, dags. 11. þ.m. með áritaðu birtingarvottorði, 2 Dóm til sáttanefndar með áritun sáttanefndarinnar um árangurslausa sáttatilraun; hún & dags. 14. þ.m. Skjöl þessi aukk. Nr. 2 og 3 og hljóða svo:

Nr. 2.

Franz Siemsen
sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu

Kunngjörir: mjer hefir tjáð yfirrjettarmálflutnings-
maður Páll Briem fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur,
að hann sje eptir árangurslausa sáttatilraun knúður
til að höfða mál gegn Jóni bónda Ólafssyni á Bú-
stöðum, leiguliða H. Th. A. Thomsens kaupmanns í Reykja-
vík, útaf ágreiningi um landamerki milli eignajarð-
ar Reykjavíkurbæjar, Laugarness, og eignarjarðar nefnds
kaupmanns H. Th. A. Thomsens, Bústaða í Seltjarnarness-
hreppi.
Fyrir því stefnist hjermeð nefndum Jóni bónda
Ólafssyni á Bústöðum, til þess að mæta fyrir auka-
rjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, sem haldinn verður
í barnaskólahúsinu í Mýrarhúsum föstudaginn
hinn 28. þ.m. kl. 12 á hádegi, til þess að sjá skjöl og skil-
ríki í rjett lögð, heyra menn nefnda í merkjadóm,
nefna og heyra menn nefnda úr dómi, heyra á
eiðsfall dómenda, sem og framburð vitna stefnda
og ástefnda, vera við merkjagöngu, heyra sókn
sakar og rjettarkröfur, svara til sakar og þola dóm
um landamerki ofangreindra jarða og greiðslu á
málskostnaði að skaðlausu eða eptir mati land-
merkjadómsins.
Lögdagur er úr lögum numinn með tilskipun 3. júní 1796.
Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.
Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. júní 1889.

Franz Siemsen
(L.S.)

Stefnugjald: 41 eyr.–
fjörutíu og einn eyrir
borgað Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889 þann 11. júnímánaðar höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanritaða stefnu á heimili hins stefnda fyrir honum stefnda sjálfum Jóni bónda Ólafssyni á Bústöðum er við fundum heima. Þetta vitnum við með skírskotun til eiða þeirra er við höfum unnið og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

Ingjaldur Sigurðsson. Eiríkur Bjarnason.
(L.S.) (L.S.)

Stefnubirting 1 kr.
Mílupeningar " " 50 a.
1 kr. 50 a.

Borgað Eiríkur Bjarnason.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júní 1889.

Franz Siemsen

No. 3.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er eigandi að Laugarnesi heldur fast fram, að landamerki milli Laugarness og Bústaða, sem er eign kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Kaupmannahöfn sjeu þessi: Úr Hanganda í Fossvogi uppí Taxakeldu; úr Taxakeldu uppí Klofningsstein, þaðan og í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg og úr Bústaðaborg sjónhending í Þrísteina. En hvorki hefur nefndur kaupmaður H. Th. A. Thomsen eða leiguliði hans á Bústöðum, Jón bóndi Ólafsson, viljað samþykkja þessi landamerki, eða viljað fallast á að merkin sjeu þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur telur þau vera, og fyrir því viljum vjer malast til þess, að þjer, herra amtmaður, vilduð kalla nefndan bónda Jón Ólafsson, leiguliða á Bústöðum, á sáttafund ásamt

mjer sem umboðsmanni bæjarstjórnar Reykjavíkur til þess að reyna að koma sáttum á milli vor um ofangreind landamerki.
Ef sáttum verður eigi ákomið óska jeg að málinu verði vísað til dómstólanna.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 14. d. maím. 1889.

Virðingarfyllst
Halldór Daníelsson

Til
Amtmannsins yfir Suðuramti Íslands.

Í tilefni af framanskrifaðri kæru kallast bæjarfógeti Halldór Daníelsson og Jón Ólafsson bóndi á Bústöðum til sáttafundar, sem haldinn verður á heimili undirskrifaðs miðvikudaginn h. 22. maí næstkomandi á hádegi.

Í sáttanefnd Seltjarnarnesshrepps 15. maí 1889.
E. Th. Jónassen.

Ár 1889 þann 17. maímánaðar höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Seltjarnarnesshreppi birt framanritaða stefnu bóndanum Jóni Ólafssyni á Bústöðum persónulega stöddum á Lambastöðum og sagðist hann anteka birtingunni eins og það væri á sínu heimili. Þetta vitnum við í krapti unnins eiðs með undirskrifuðum nöfnum.

Ingjaldur Sigurðsson. Eiríkur Bjarnason

Gjald fyrir birtinguna
1 kr. Ein króna

Ár 1889 h. 22. maí var mál þetta tekið fyrir í sáttanefnd Seltjarnarness-hrepps að báðum málspörtum persónulega viðstöddum. Sátt reyndist árangurs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

laus; var svo máli þessu eptir ósk beiðandans vísað til landslaga og rjettar. Beiðandi mætti eptir umboði bæjarstjórnar Reykjavíkur.

E. Th. Jónassen

Lagt fram á sáttafundi hinn 22. maí 1889.

E. Th. Jónassen

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júní 1889.

Franz Siemsen

og óskar hann menn útnefnda í dóm til að dæma mál þetta með sýslumanni.
Eigandi Bústaða var persónulega mættur.
Dómarinn útnefndi þá þessa menn í dóm
1, Þórð Runólfsson í Móum
2, Gísla Gíslason í Leirvogstungu
3, Þorlák Guðmundsson í Hvammkoti
4, Guðmund Einarsson í Miðdal
5, Ingjald Sigurðsson á Lambastöðum
6, Þórð Guðmundsson á Hálsi
7, Erlend Erlendsson á Breiðabólsstöðum og
8, Halldór Jónsson í Þormóðsdal.
Af þessum mönnum nefndi stefnandinn úr dómi
Ingjald Sigurðsson á Lambastöðum og
Guðmund Einarsson í Miðdal
Stefndi nefnir úr dómi
Þorlák Guðmundsson í Hvammkoti og
Erlend Erlendsson á Breiðabólsstöðum
Dómurinn verður þá skipaður þessum mönnum auk sýslumanns:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórði Runólfssyni í Móum
Gísla Gíslasyni í Leirvogstungu
Þórði Guðmundssyni á Neðra-Hálsi og
Halldóri Jónssyni í Þormóðsdal.
Umboðsmaður stefnanda bað um skjöl málsins Nr. 13 sjer tjeð.
Ákveðið var að dómurinn með málspörtum gangi á merkin þriðjudaginn hinn 23. n. m. og mæti menn að Bústöðum kl. 4 e. h.

| | | |
|---|---|---|
| Vottar: | Frekara eigi fyrir tekið | Málspartar: |
| Ingjaldur Sigurðsson. | Rjetti slitið | Páll Briem |
| Guðmundur Ólafsson. | Franz Siemsen | H. Th. A. Thomsen |

Ár 1889 hinn 23. júlí var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Bústöðum í Seltjarnarneshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með vottum Guðmundi Helgasyni og Guðna Einarssyni. Var þá tekið fyrir

Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða

Hinir útnefndu meðdómsmenn voru mættir sem sje: hreppstjóri Þórður Guðmundsson að Neðra-Hálsi, Þórður hreppstjóri Runólfsson í Móum, Gísli Gíslason í Leirvogstungu, og Halldór Jónsson í Þormóðsdal og rituðu þeir í rjettinum undir svofelldan eiðstaf:

Nr. 4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vjer undirritaðir, sem nefndir erum í landamerkjadóm til þess að dæma um landamerki milli Laugarness og Bústaða, sverjum þann eið, að vjer skulum dæma mál þetta, sem vjer vitum sannast og rjettast.
Svo sannarlega hjálpi oss guð og hans heilaga orð.
Í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 23. júlí 1889.
Þórður Guðmundsson. Þ. Runólfsson. G. Gíslason
Halldór Jónsson

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 23/7. 1889.
Franz Siemsen

Af hendi stefnanda er mættur málafærslumaður Páll Briem en stefndi persónulega. Umboðsmaður stefnanda óskar frest þann framlengdan, sem ákveðinn var í aukarjetti 28. f. m. til merkjagöngu og átti að fara fram í dag, með því hann vegna veikinda og annara starfa eigi hefði getað aflað allra þeirra upplýsinga, sem viðþurfa í máli þessu. Stefndi mótmælir að frestur þessi verði lengdur og heimtar að merkjaganga fram fari nú eins og málspörtum hefir komið saman um og óskar úrskurðar um þetta efni. Dómendurnir uppkváðu þvínæst svofelldan úrskurð:
Því sem við merkjagöngu er nauðsynlegt, að báðir málspartar mæti með sín sóknar- og varnargögn, en stefnandinn eigi hefir nein skjöl í höndum og því hefir neitað að ganga á merkin í dag, en hefir óskað að merkjagöngunni verði frestað til nákvæmar tiltekins tíma, þá kom dómendunum saman um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fresta merkjagöngu í þessu máli til seinasta þriðjudags í júnímánuði n.ár. Merkjagangan hefst þá að Bústöðum kl. 4 e.h. Kostnaður allur, sem hefir leitt af því, að merkjaganga eigi hefir fram farið ídag greiðist af stefnanda.
Franz Siemsen. Þórður Guðmundsson. G. Gíslason
Þ. Runólfsson. Halldór Jónsson.
Stefndi óskaði að vitnaleiðsla framfæri ídag fyrir merkjadómi, en stefnandinn mótmælti því þar sem lögin heimiluðu eigi slíkt og var því ákveðið að vitnaleiðsla þessi framfari fyrir aukarjetti hjer ídag og mætir stefnandinn þar ókstefndur.
Mál þetta verður þá aptur fyrir tekið seinasta þriðjudag í júnímánuði n.á. kl. 4 e.h. og hefst þá merkjagangа að Bústöðum.

| Vottar: | Frekara eigi fyrir tekið | Málspartar: |
|---|---|---|
| Guðm. Helgason | Rjetti slitið | Páll Briem |
| Guðni Einarsson. | Franz Siemsen. | H. Th. A. Thomsen. |

Ár 1889 hinn 23. júlí var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Bústöðum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með vottunum hreppstjóra Þórði Guðmundssyni og Guðmundi Helgasyni. Var þá tekið fyrir

að halda vitnaleiðslu út af landamerkjum milli Laugarness og Bústaða.

Beiðandi gjörðar þessar, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, er mættur og beiður dómarann að láta vitnið Guðna Einarsson, sem mættur er hjer ídag, gefa skýrslu

fyrir rjetti um ofangreind landamerki.
Af hendi Reykjavíkurbæjar, eiganda Laugarness, er mættur málaflutningsmaður Páll Briem, og hefir hann góðfúslega mætt ástefndur við vitnaleiðslu þessa.
Mætti þá í rjettinum vitnið Guðni Einarsson í Guðnabæ í Reykjavík, 78 ára að aldri. Var hann áminntur um sannsögli.
Vitnaleiðslubeiðandi biður þá lagt fyrir vitnið þá spurningu:

Þekkir vitnið hornmarkið að norðanverðu milli Laugarness, Bústaða og Klepps og heita það eigi Þrísteinar og getur vitnið skýrt frá, hvar þetta hornmark liggur?

Þessari spurningu svarar vitnið, að það þekki hornmark þetta og heiti það Þrísteinar og eru þeir rjett fyrir norðan mjóa soginu í endanum á Langholti.
Í öðru lagi biður vitnastefnubeiðandi þá spurningu lagða fyrir vitnið:

Þekkir vitnið næsta mark að vestanverðu milli Bústaða og Laugarness?

Vitnið játar því og segir, að það sje kallað Bústaðaborg, sem stendur í slakkanum milli Bústaðaholts og Grensáshálsins en þó heldur nær hálsinum; hjá borginni sje dálítil tjörn og mýri, sem kölluð sje Borgarmýri.
Ennfremur:

Þekkir vitnið næsta mark suður af hinum mörkunum að vestanverðu?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vitnið segir, að það sje grár steinn, einstakur, vestanvert í Háaleytismýrinni, vestanvert við Háaleyti.
Enn fremur:

Er eigi seinasta mark að sunnan- og vestanveginn milli Laugarness og Bústaða hinir svokölluðu Klofningssteinar? og hvar liggja þeir?

Vitnið segir svo vera og liggi þeir niður við Fossvogslæk, annar klofningurinn liggur út af en hinn stendur uppi, er vitnið sá þá síðast fyrir c. 7 árum síðan.
Vitnastefndi biður vitnið spurt að því, hvort eigendur Laugarness hafi sagt vitninu, að mörkin væri þar, sem vitnið tilgreinir.
Þessu svaraði vitnið þannig, að Laugarnesseigendur hafi ekkert tal við sig átt um merkin.
Þá biður vitnastefndi vitnið spurt að því: Hver hefir sagt vitninu, að mörkin væru á þessum stöðum?
Vitnið segir, að það hafi gjört faðir vitnisins, sem hafi verið landseti á Bústöðum, sem þá var kongsjörð, í c. 12 ár. Uppl. ját. rjett bókað.
Þennan framburð sinn er vitnið reiðubúið að staðfesta með eiði, ef þess verður krafizt.

Málspartar:
H. Th. A. Thomsen
Páll Briem

Vottar:
Þórður Guðmundsson
Guðm. Helgason

Frekara eigi fyrirtekið
Rjetti sagt slitið
Franz Siemsen.

Ár 1890 hinn 24. júní var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Bústöðum (kröfum eptirfylgjandi [illegible]) og haldinn af sýslumanni Franz Siemsen með dómsmönnum Þórði Guð-

mundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Laugarness og Búslóðar.

Mættur var af hendi Reykjavíkur bæjarstjórnar yfirrjettarmálafærslumaður Páll Briem. Hinn stefndi var persónulega mættur.

Var ákveðið að byrja merkjagönguna við Þrísteina.

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið Páll Briem

Franz Siemsen H. Th. A. Thomsen.

Þórður Guðmundsson. Þ. Runólfsson. G. Gíslason. Halldór Jónsson.

Ár 1890 hinn 24. júní var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Búsköðum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þar þá fyrir tekið málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Laugarness og Búslóðar.

Dómendurnir ásamt málspörtum hafa gengið á merkin, sem málspartar hafa haldið fram milli jarða þessara og kynnt sjer þau.

Í rjettinum mætti af hendi stefnanda málaflutn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingsmaður Páll Briem. Stefndi var persónulega mættur. Umboðsmaður stefnanda skilar aptur skjölum málsins Nr. 14, sem honum hafa verið ljeð og lagði fram: Sókn í málinu, dags. í dag með 13 fskjölum. Skjöl þessi audk. Nr. 5-18 (6-9 eru in duplo) og hljóða svo:

Nr. 5.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen.
útaf landamerkjum Laugarness og Bústaða.

Jeg vil leyfa mjer að skila aptur skjölum þessa máls og jafnframt leggja fram:

1. Vitnisburð Runólfs Skúlasonar um landamerki Laugarness, tekinn af lögmanni Gísla Hákonarsyni 9. febr. 1605 ásamt mjög gömlu eptirriti.
2. Vitnisburð Þórhalla Oddssonar um landamerki Laugarness, sömuleiðis tekinn af lögmanni Gísla Hákonssyni 25. febr. 1605 ásamt mjög gömlu eptirriti.
3. Lögfestu Guðrúnar Einarsdóttur 20. febr. 1747 fyrir Laugarneslandi ásamt eptirriti gömlu.
4. Lögfestu Jarðþrúðar Sæmundsdóttur 16. mai 1785 fyrir sömu jörð ásamt eptirriti gömlu.
5. Afsalsbrjef fyrir Laugarnesi, dags. 27. febr. 1857.
6. Staðfest eptirrit af brjefi stefnda til Laugarness- og Kleppseiganda dags. 3. júní 1882 ásamt lýsingu hans á landamerkjum Bústaða.
7. Blað, er Þorsteinn sál. Jónsson kaupmaður hefur ritað og áteiknað er af Hannesi sál. Johnsen, syni Stein-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

grims biskups.

8. Vottorð Jóhannesar Olsens 20. þ.m. viðvíkjandi landamerkjum Laugarness og Bústaða.

9. Vottorð Jóhannesar Zoëga í Reykjavík um sömu landamerki dags. 20. þ.m.

10. Vottorð Páls Magnússonar í Reykjavík um sömu landamerki dags. 22. þ.m.

11. Vottorð Jóhannesar Oddssonar dags. 22. þ.m. um sama efni.

12. Lýsningar til vitnanna kaupmanns Geirs Zoëga, Jóhannesar Olsens, Jóhannesar Zoëga, Páls Magnússonar og Jóhannesar Oddssonar.

13. Afstöðuuppdrátt af Klepps-, Laugarness- og Bústaðalandi með afmörkuðu þrætulandinu.

Fylgir hjermeð

Eins og hinum heiðraði rjettur mun komast að raun um, þegar hann skoðar landamerkin milli Laugarness og Bústaða og eins og ljóslega er sýnt á hinum framlagða afstöðuuppdrætti eru báðir málsaðilar samdóma um landamerki Laugarness og Bústaða sjeu frá þrísteinunum í Bústaðaborg, en við hana beygjast þrætulandið. Báðir miða þó við sömu merkjanöfnin, en þessi merkjanöfn koma fyrir í fornum skjölum, er báðir leggja til grundvallar að þessu leyti. Báðir miða við Klofningsstein sem hornmarkið og segja að merki sjeu úr þeim í stein fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg og þaðan í Bústaðaborg, en hitt skilur á um, hvar Klofningssteinn sjeu og hver sje steinninn, sem miðað er við úr

Klofningssteinum, og það er nú dómaranna að ákveða eptir því, hver meira hefir til síns máls, hvar þessir merkjasteinar sjeu. Thomsen heldur því fram, að Klofningssteinar sjeu við Fossvogslæk spottakorn frá sjónum, en steininum fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje í mýrinni vestan undan Háaleyti, langar leiðir frá Bústaðaborg og í hvarfi þaðan.

Jeg aptur á móti held því fram, að steininum fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje steinn sem sjest frá Bústaðaborg nokkru ofar og litlu vestar en Söðulsteinn, sem stendur hjá veginum uppundan hjerumbil miðjum vestari girðingum Thomsens, og Klofningssteinar sjeu yfir í mýrinni hjerumbil beint í suðvo frá Bústaðaborg og áðurnefndum steini.

Það er all-langur vegur frá Klofningssteinum í mýrinni og steinum þeim, er Thomsen heldur fram, og nær þrætulandið því yfir allstórt svæði, sem er breiðast að sunnan.

Þetta þrætuland er það, sem hjer á nú að dæma um, og hjer verður nú hinn heiðraði rjettur að meta hver meira hefir til síns máls, og setja landamerkin eptir því. Báðir málspartar eiga nú í dag að færa fram það, sem upplýsir málið og sýnir málstað þeirra. En hvað er það, sem einkum styður málstað málsaðila? Að áliti góðra manna og rjettvísra er það einkum þetta þrennt:

Forn skjöl og skilríki, skýrslur, sem gamlir menn gefa um landamerkin og eðlilegleika landamerkjanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vil jeg nú leyfa mjer að virða þetta fyrir mjer, hvort í sínu lagi.

<u>Af fornum skjölum</u> hef jeg lagt fram vitnisburði Runólfs Skúlasonar og Þórhalla Oddssonar, sem teknir eru af Gísla lögmanni Hákonarsyni 9. og 25. febr. 1605, segja vitnin þar að merki Laugarness að vestan sjeu steinn er stendur á Kirkjusandi í Ámundaborg suður yfir þvera og miðja Kringlumýri og svo ofan í Hanganda í Fossvogi. Á þessu segjast báði vitnin eigi hafa heyrt nein tvímæli fyrr en þá nýlega. Um þetta hefur deilan verið, eins og er auðljóst af vitnisburði Runólfs Skúlasonar, enda nær vitnisburður hans eigi lengra, en Þórhalli telur aptur ámæli við þessum orðum um landamerki Laugarness að öðru leyti.

Úr Hanganda uppí Fastakeldu, úr Fastakeldu og í Klofningssteina, þaðan og í stein þann, er stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, þaðan og í Bústaðaborg, sjónhending úr Bústaðaborg og í Þrísteina. Hið sama er svo sagt í lögfestu Guðrúnar Einarsdóttur 20. febr. 1747, sem lesin hefur verið við kirkjuna hjer á Seltjarnarnesi, líklega vegna hinnar sömu deilu um merkin á Kringlumýri, en þar er þó tekið nákvæmar fram og sagt: Úr Fastakeldu <u>uppí</u> Klofningssteina. Þessu er svo haldið í lögfestu Jarþrúðar Sæmundsdóttur 16. mai 1785, sem einnig er lesin við kirkju á Seltjarnarnesi, en nú lýtur svo út sem deilan um landamerki Laugarness að vestanverðu hafi dáið út, að minnsta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosti enn engar lögfestur fyrir Laugarnesi eptir þenn-
an tíma og þegar Laugarnes var selt sem konungseign
23. janúar 1857 var skýrt frá landamerkjum eins og
áður er umgetið og tekið fram að jörðin væri seld með
„öllu sem undir hana liggur og hingað til hefir fylgt
eigninni hvar á meðal er landsparturinn „Fossvogur“
Þessi frumrit og fornu skjöl hefir Thomsen ekki
viljað rengja, heldur hefur hann þvert á móti byggt
á þeim, og sett hornmarkið milli Laugarness og Bú-
staða við Klofningssteina og úr þeim í stein fyrir
vestan og sunnan Bústaðaborg og þaðan í Bústaðaborg
En nú setur Thomsen Klofningssteina sína við
Fossvogslæk rjett spottakorn fyrir ofan sjó.
Jeg vona hinn heiðraði rjettur sjái, hversu þetta er
fjarri öllum sanni. Eptir skýrslu Thomsens eru
sic landamerki Bústaða merkjalausar allan þann óraveg,
sem er frá Lónatjörn ofan undir sjá, en á suðurtak-
mörkum Laugarnesslands er kringd saman: Hanganda,
Fastaeldu og Klofningssteinum, sem eru hvert ofan
í öðru. Er þetta líklegt? En svo vil jeg einnig
spyrja hvernig eru merki Thomsens möguleg eptir
hinum fornu skjölum, því að hvar er Fastaelda, sem
á samkvæmt hinum fornu skjölum að vera milli
Hanganda í Fossvogi og Klofningssteina? Eptir skýrsl-
u Thomsens eru Klofningssteinar niður við sjó og
þar fyrir neðan rennur aðeins lækur, sem heitir
og hefir heitið Fossvogslækur. Eptir því sem jeg held
fram kemur aptur allt mjög vel heim. Hangandi í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fossvogi er syðsti klettinum við sjóinn næst Foss-
vogslæk, Laugarnesmegin, en Fossakelda er í upptökun-
um á Fossvogslæk all-langan veg upp frá Hanganda og
svo eru Klofningssteinar allangan veg þar fyrir
ofan; þetta kemur einnig vel heim við merki þau
og örnefni, er gamlir menn segja frá, einsog jeg síðar
mun nefna, en þegar hinn heiðraði rjettur nú gáir
að hinum fornu skjölum, þá leynir það sjer eigi, að
Thomsen hefur engin forn skjöl sjer til málsbóta
og þau fornskjöl, sem til eru, sýna, að merkjalína
hans er fjarri öllum sanni, og vona jeg því að hinn
heiðraði rjettur áliti málstað minn ólíkt betri að þessu
leyti en málstað Thomsens.

Því næst skulum vjer athuga skýrslur og frásagnir
gamalla manna um landamerkin. Jeg hef leyft
mjer að leggja fram vottorð hinna elztu manna,
sem þekkja til landamerkjanna, Jóhannesar Olsens,
Jóhannesar Zoëga, og Páls Magnússonar, sem öllum
kemur saman um að gamlir menn hafi sagt þeim
að Hangandi í Fossvogi væri syðsti klettinum við
sjóinn, Laugarnesmegin við Fossvogslæk, Fossa-
kelda í upptökunum á Fossvogslæk og Klofnings-
steinar upp frá Fossakeldu austar í mýrinni. Síðan
segja þeir, að merkin hafi verið talin þar í norður
upp hjá Söðulsteini og í Bústaðaberg. Hið sama
segir einnig Geir Zoëga kaupmaður í Reykjavík,
en allir eru þessir menn aldir upp í Reykjavík
og hafa ótal sinnum farið um hið umþrætta land

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og því svo kunnugir sem verða má. Þar á móti hefir enginn þeirra heyrt nokkurn eldri mann miða við mörk þau, sem Thomsen heldur fram og báðir Jóhannes Olsen og Jóhannes Zoëga bera það fram, að steinn sá, er Thomsen nefnir Klofningsstein, hafi heitið Norðlingasteinn.
Jóhannes Oddsson, sem eigi þekkir til nema síðan hann flutti að Bústöðum um 1860 hefur eigi heyrt aðra, en Thomsen segja frá þeim mörkum, sem Thomsen miðar við og vona jeg að rjettirnir komizt að raun um þetta í dag.
Jeg vil ekki vera að taka það upp, sem stendur í vottorðunum, því að það liggur ljóst fyrir, að þeir, sem vottorðin hafa gefið, hafa haft sagnir hinna elztu manna, á ungdómsárum þeirra og það manna, sem voru mjög vel kunnugir og höfðu jafnvel búið á Bústöðum og átt Bústaði á undan Ditlev Thomsen. Það mun víst vera leitun á, að menn hafi jafngreinilegar skýrslur, er ná jafnlangt fram, viðvíkjandi þrætulandi eins og þessar, enda vil jeg líka segja, að það var leitun á manni sem var jafn einbeittur maður og Ditlev heitinn Thomsen í því að sjá um sig, og þessvegna hefur það gengið með Laugarnessland að sunnanverðu, eins og það hefur gengið. En jeg vona nú samt að þessi landamerkjadómur dæmi nú um málið, svo að sá fái rjett sinn, sem rjettinn á að hafa
Eptir því, sem gamlir menn segja, þá er Þorn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

markið á landi Laugarness að sunnan og austan Klofningssteina, sem eru suður undan vestari girðingunni Thomsens, svo hafa merkin verið úr Klofningssteinunum upp brekkuna norður í Búastaðaborg, hafa merkin verið talin um Söðulstein, sem er rjett hjá veginum og mjög einkennilegur steinn, en samkvæmt hinum fornu skjölum eiga merkin úr Klofningssteinunum að vera í stein fyrir vestan og sunnan Búastaðaborg. En nú er eptir almennum álitum svo, að Söðulsteinn er heldur til austurs frá Búastaðaborg og því komi hjer fram mismunur milli þess, sem talin voru merki, og þess sem sagt var í fornum skjölum, og þessvegna var eðlilegt, að hjer komi einsog dálítil óvissa um merkjalínuna. Fyr meir hefur eigi verið mikill slægur í þessu landi, einsog gengur um óræktarmóa, og ekki gjört mikið til, hvort menn höfðu merkin í þessum mórböðum nokkrum föðmum fjær eða nær, en það var eðlilegt að menn miðuðu við Söðulstein af því hann er svo einkennilegur steinn, þegar menn voru nálægt honum, menn hafa eigi hirt mikið þetta niður svo vandlega, en einsog auðskilið er leiðir af þessu, að mismunurinn gat ekki verið mikill.

Jeg lagt fram blað, sem er skrifað með hendi Þorsteins sáluga Jónssonar kaupmanns, sem dó víst milli 1850 og 1860 og er áteiknað af Hannesi sáluga Johnsen, syni Steingríms biskups. Þar talar Þorsteinn sál. um mórböð rjett undan Söðulsteini, það er mórböð rjett fyrir innan Pálsmóa og talar Þorsteinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sálugi þennan mó: puntsmóa eða þrælamóa,
sem var þrælaland segir hann. Þetta ber með sjer
að þrælalandið hefir eigi verið stórt og að steininn
fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, sem miðað er við
í hinum fornu skjölum getur ekki verið langt frá.
En hver er þessi steinn fyrir vestan og sunnan Bú-
staðaborg? Að vita þennan stein er það, sem mestur
er vandinn fyrir dómendurna, því þau vitni sem
þekkja bezt til þau geta sagt hvar merkin voru hald-
in í þeirra ungdæmi, en þá hefir að mínu áliti
eigi sjerstaklega verið miðað við stein, sem fullnægir
því skilyrði sem hin fornu skjöl setja.
Jeg veit að vísu mikið vel, að margir eru svo, að þeir
álíta að sjer sje borgið ef þeir hafa eitt til þess að byggj-
a á, en jeg vil alls eigi í neinu halla rjetti Thom-
sens og þessvegna vil jeg aðeins krefjast þess, að það
verði dæmt, sem Laugarnessland, sem bæði eptir forn-
um skjölum og skýrslum gamalla manna tilheyrir
því landi.
Fyrir því vil jeg alveg gefa Thomsen eptir þetta móa-
barð, sem er fyrir sunnan Söðulstein, en fyrir inn-
an Pálsmóa og sem þorsteinn sálugi Jónsson kall-
aði Puntsmóa eða Þrælamóa, en jeg vil aptur á móti
krefjast þess að meðdómendurnir ákveði beina landa-
merkjalínu frá Klofningssteinunum fyrir vestan
Puntsmóa, en austan Pálsmóa í stein uppi í holt-
2 inu fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, sem eðli-
legt sje að miða merkin við bæði frá Bústaðaborg og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Klofningssteinum.
Með þessu gef jeg Thomsen eptir allt, sem jeg get haft hugmynd um að vafi hafi getað verið á um, en meira á hann að rjettu lagi eigi að fá.
Eins og jeg hef áður tekið fram, kemur það ekki fullkomlega heim við hin fornu skjöl, að hafa Söðulstein fyrir merkjastein, þótt hann sje rjett hjá merkjunum. En það var eðlilegt að menn miðuðu merkin við Söðulstein þegar menn voru í brekkunum rjett fyrir neðan hann, af því hversu hann er einkennilegur og af því hann var rjett hjá merkjunum, en landið undan honum eigi mikilsvirði. Samt sem áður fullnægir hann eigi eðlilegum skilyrðum til að vera merkjasteinn, sem miðað er við frá einu merki til annars, því hann sjest alls eigi frá Búastaðaborg og jafnvel eigi ljóslega frá Klofningssteinum. En aptur á móti fullnægir steinn sá, er jeg hef talað um, alveg nauðsynlegum skilyrðum; hann sjest greinilega frá Búastaðaborg og er langljósasti steinninn að sjá frá Klofningssteinum og yfirhöfuð af öllum Kópavogshálsi. Hann sjest mjög vel af Hafnarfjarðarveginum á Kópavogshálsi og benti jeg umboðsmanni Thomsens, málaflutningsmanni Guðlaugi Guðmundssyni á þennan stein, er við komum úr Hafnarfirði í gær frá vitnaleiðslu Ólafs Þorvaldssonar.
Jeg hef nú farið nokkrum orðum um landamerkin eptir skýrslum gamalla manna, er þekkja

mörkin mjög vel og hafa fyrir sjer frásagnir hinna elztu manna og fróðustu á ungdómsárum þeirra, og vona jeg að hinn heiðraði rjettur sjái að málstaðrinum er betri en málstaður Thomsens einnig að þessu leyti.

Því næst vil jeg minnast á eðlilegleika landamerkjanna. Eins og jeg hef áður sagt, er það helzta skilyrðið við mörk, þegar eigi er sett neitt nákvæmar um þau, að gott sje að miða frá einu marki til beggja hliðarmarkanna. Þessu fullnægir steininn fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg algjörlega og það sjest af honum ekki aðeins í Bústaðaborg og í Klofningsstein, heldur einnig í Fasraðeldu, en frá steini Thomsens vestan í Háaleyti sjest alls eigi í Bústaðaborg og það ber jafnvel lítið á steininum frá Norðlingasteini, er Thomsen kallar Klofningssteina. Það hefði þó verið alveg nauðsynlegt að segja um þann stein, austur og upp yfir Háaleyti, en það stendur aðeins: þaðan og í Bústaðaborg, rjett eins og hún væri glöggt merki þaðan. Eins og jeg hef áður umgetið er alveg merkjalaust eptir lýsingu Thomsens allan þann óraveg frá Lómatjörn niður undir sjó, en aptur er á landamerkjum Laugarness að sunnan hrúgað saman á örstuttum spotta þremur örnefnum, Hanganda, Fasraðeldu og Klofningssteinum. Er þetta líklegt? Jeg segi nei. Og svo þegar þar við bætist að Fasraðelda er ofar, þá er ljóst hversu mörk Thomsens eru fjarlæg öllum sanni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Uppundan Faxakeldu er ekkert merki annað í mýrinni, sem miðað verði við annað, en steinar þeir, er kallaðir hafa verið Klofningssteinar, þótt þeir sjeu lítlu sunnar en mið mýrin, þá eru þeir þó nokkurnvegin í línunni, og þar um slóðir gat eigi um annað merki verið að ræða.
Þaraðauki er vel mögulegt að Klofningssteinar hafi á þeim hundruðum ára, sem þeir hafa verið merkjasteinar, sokkið nokkuð og að þeir áður hafi jafnvel risið upp og verða þeir þá enn eðlilegri hornmerki.
Þegar menn einnig gá að merkjalínunni, þá leynir sjer eigi, hversu mikil skekkja kemur á hana við línu Thomsens, en eptir línu þeirri, er jeg vil halda, þá er merkjalínan hjerumbil bein frá norðri til suðurs, nema hvað landslagið gjörir það eðlilegt að miðað sje við steininn fyrir vestan og sunnan Bústaðaberg af því hann er einkennilegast merki á hæðunum, er sjest frá Klofningssteinunum og yfirhöfuð öllum Kópavogshálsi upp undan Langarnesslandi, og sömuleiðis frá Bústaðaberg.
Jeg vona því hinn heiðraði rjettur fallist á, að landamerki þau er jeg held fram eru í sjálfu sjer eðlilegri en landamerki þau, er Thomsen vill halda fram og að málstaður minn sje einnig betri, að þessu leyti, en málstaður Thomsens.
Þegar litið er frá þessu, get jeg aðeins ímyndað mjer, að Thomsen vilji byggja rjett sinn á því, að hann hafi reynt að ná landinu undir sig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með valdi og brúkað það.
Það er auðvitað sjálfsagt að Thomsen ber að sanna þessa brúkun og það er nóg fyrir mig, að mótmæla henni, en til þess þó að upplýsa málið sem bezt, einnig að þessu leyti, hef jeg lagt fram vottorð Jóhannesar Oddssonar í Reykjavík, sem hefir verið landseti Thomsens í 18 ár 1860–67 og 1871–1882 þar sem hann lýsir yfir því, að hann hafi ekki brúkað þrætulandið lengra en vestur að Háaleyti og ofan undir upptökin á Fossvogslæk og Laugarnesseigendur hafi brúkað landið til beitar og skepnur þeirra hafi jafnvel gengið inn fyrir girðingar Thomsens talsvert eptir 1871. Þetta kemur alveg heim við vottorð þeirra Jóhannesar Olsens og Jóhannesar Zoëga og sýnir það, að um síðustu 20 ár hefur Thomsen ekki brúkað vestari hlutann af þrætulandinu og efstri hlutann hafa báðir partar brúkað eptir föngum og er því nálægt þeirra, að því er brúkunina snertir, líkur, og vona jeg að hinum heiðraði rjettur játi, að Thomsen hafi eigi löghelgað sjer landið með yfirgangi sínum svo dómurinn dæmi honum rjett yfir landinu og útiloki Laugarnesseigendur frá sínum rjetti.
Að svo mæltu vil jeg aðeins geta þess, að Laugarnes er landnámsjörð og höfuðból og því er eðlilegt að land þess sje stærra, en land Bústaða, sem er 10 hdr. kot að fornu mati og það meðan árhólmarnir heyrðu undir það og veiðin, sem nú er hvorttveggja

a undantekið.
Kleppur er meðinn 20^{tr} að fornu mati, en ef rjett-
urinn lítur á það, sem Thomsen vill nú ná undir
Bústaði að vestan og líka að norðan, þá er ljóst
hversu Bústaðir verða stórir í samanburði við hin-
ar jarðirnar og er þetta einnig til að sýna, hversu
málstaður Thomsens er langt frá hinu rjetta.
Að svo mæltu vil jeg eigi fara frekari orðum um
málið, en geyma mjer rjett til, að færa það fram hjer
eptir, sem jeg álít þörf á; með skírskotun til þess,
sem jeg hef fært fram, leyfi jeg mjer að gjöra mínar

Rjettarkröfur:

1. Að landamerki milli Laugarness og Bústaða verði ákveðin úr Fiskisteinum sjónhending í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg sjónhending í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, sem er uppá ásnum að sunnanverðu nokkuð fyrir vestan og ofan Söðulstein og svo frá steini þessum ofan brekkurnar í suður beina línu í Klofningssteina sem eru suður í mýrinni, þegar fer að halla upp hinu megin.
2. Að eigandi Bústaða kaupmaður H. Th. A. Thomsen verði skyldaður til að greiða stefnanda sanngjarnlegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Legg jeg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 24. júní 1890

Vörningarfylleft
Páll Briem

Til
Dómsins um landamerki Laugarness og Bústaða.
Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.
Franz Siemsen

./. Skjölin Nr. 1–9 fylgja hjermeð in duplo

Nr. 10.

Adolph Chr. Baumann
sýslumaður og uppboðsráðandi í Kjósar- og Gullbringusýslum
Gjörir vitanlegt: að ár 1857, föstudaginn þann 23. janúar var í Reykjavíkurbæjarþingstofu, samkvæmt ósk stiptamtsins í brjefi frá 24. dec. f.á. og eptir undangengnar auglýsingar, haldið þriðja uppboð á hinum fyrra embættisbústað Biskupsins, Laugarnesi með tilheyrandi landi, og varð við uppboð þetta áðurnefnd eign tilslegin þeim hæstbjóðandi herrum Consul og kaupmanni M. W. Biering, kaupmanni H. St. Johnsen, snikkarameistara O. Gudjohnsen og tómthúsmönnunum Jóni Arnasyni, A. Arnasyni, P. Magnússyni, J. Þórðarsyni, G. Þórðarsyni, Guðmundi Guðmundssyni, G. Zoëga og Jóni Arnasyni í Reykjavík fyrir 5500 rdl. r.m. skrifa: fimm þúsund og fimm hundruð ríkisdali ríkismyntar.
Hvað boð þetta, samkvæmt brjefi Stiptamtsins til mín frá 28. f.m. er samþykkt og kaupendurnir hafa sannað fyrir mjer með brjefi Stiptamtsins af 25. þ.m. að þeir hafi fullnægt uppboðsskilmálunum fyrir sölu á eigninni nefnilega með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að greiða 1/3 af kaupverðinu og útgefa rentuberandi veðskuldabrjef með 1ta forgangsrjetti fyrir eptirstöðvunum, eða 2/3 kaupverðsins, - svo afsalast hjermeð samkvæmt þeim við uppboðið framlögðu söluskilmálum þannig hljóðandi:

1.

Fasteignin, sem seljast á og upphrópast fyrir boð það, er þeir herrar, kaupmaður H. Th. Johnsen, Consul M. W. Biering með fleirum hafa gjört, nefnil. 5500 kr innibindur í sjer hið fyrra íbúðarhús Biskupsins og aðrar byggingar, er standa á jörðinni Laugarnesi, jörðina sjálfa eptir landamerkjum og allt annað, sem undir hana liggur og hingað til hefir fylgt eigninni, hvar á meðal er landsparturinn Fossvogur. - Fasteign þessi verður boðin upp í einu lagi í því ástandi, sem hún uppboðsdaginn fyrir finnst og með þeim rjettindum og skyldum, er henni hingað til fylgt hafa án ábyrgðar fyrir hið opinbera eða ofanálags frá öðrum hlutaðeigendum.

Frá landamerkjunum er að öðru leyti skýrt þannig: Steinn sá, sem stendur í Kirkjusandi á að bera uppí Ámundaborg, úr Ámundaborg sjónhending í rjetta og skekkja til hvorugra handa suður yfir þvera og miðja Kringlumýri, svo ofan í Hanganda í Fossvogi, úr Hanganda uppí Faxakeldu, úr Faxakeldu uppí Klofningssteina, þaðan og í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, og þaðan í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg sjónhending í Þrísteina og svo fram-

eptir Laugarásnum í Likavöðu frá gömlu skammt fyrir sunnan Vatnagarð.

2.

Kaupverðið greiðist í ríkismynt með 1/3 hluta, undir eins og búið er að veita samþykki á boðið til Stiptamtsins í Reykjavík, það, sem þá er eptir, eða 2/3 hlutar kaupverðsins, getur það á móti staðið inni í fasteigninni með því skilyrði, að kaupandinn gefi út 4% rentuberandi veðskuldabrjef með 1ta forgangsrjetti eptir þeim reglum, sem gefnar eru fyrir láni af opinberu fje, og skal það útgefast og þinglesast á kostnað kaupanda.

3.

Stiptamtinu í Reykjavík áskilst rjettur til að veita samþykki til hins hæsta boðs sem verður gjört, og mun samþykkið verða veitt ef boðið er aðgengilegt undir eins og Stiptamtið er búið að fá í hendur útskriptina af uppboðsgjörðinni, sem mun verða svo fljótt sem mögulegt er.—

4.

Kaupandi greiðir allan af uppboðinu og auglýsingu þess löglega leiðandi kostnað, og ennfremur 1/2 % afgjald til konungssjóðsins þegar sölubrjefið fyrir eigninni verður þinglesið, samt kostnaðinn við þau árangurslausu uppboð, er haldin voru á henni þann 16. júlí og 18. desember f.á. eptir löglegum reikningi, sem ekki stigur yfir 12 Rd.

5.

Upp frá því að samþykkið er veitt stendur eignin í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ábyrgð kaupanda og fyrir hans reikning í sjerhverju tilliti, og gefur hann frá strax gengið að henni. — Kaupandi ber frá þeirri tíð, þau sveitargjöld og þyngsli, er hvíla á eigninni, hvar á meðal gjöld af henni til hins opinbera, er gjaldast skulu á hinu reglulega manntalsþingi 1857 og kaupandi á líka að greiða, reiknuð fyrir fardagaárið til 6. júní 1857

6.

Þurfi á lögsókn að halda útaf uppboðinu, er kaupandi skyldur til að mæta fyrir sættanefnd og rjetti Reykjavíkurbæjar, með sama fyrirvara og menn þeir, sem eru innan Reykjavíkur lögdæmis, án tillits til þess, hvar hann kynni að eiga varnarþing, og skyldast hann þaraðauki til að sæta hinum skjóta rjettargangi, sem boðinn er í tilskipun 25. janúar 1828.

7.

Minna boð en 5 rd. verður ekki tekið gildt.

8.

Þegar búið er að borga hinn áðurnefnda 1/3 hluta af kaupverðinu og að öðru leyti uppfylla skilmálana samkvæmt 2. grein, skal uppboðssölubrjef veitast á kostnað kaupanda.

9.

Yfirboð, sem kynni að verða gjört eptir að uppboðinu er lokið, verður ekki tekið tilgreina.

A. Baumann.

velnefndum herrum: Consul og kaupmanni M. W. Biering, kaupmanni H. St. Johnsen, snikkarameistara C. Gudjohnsen, og tómthúsmönnunum Jóni Árnasyni,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á. Árnasyni, P. Magnússyni, J. Þórðarsyni, G. Þórðarsyni, Guðmundi Guðmundssyni, G. Zoëga og Jóni Árnasyni í Reykjavík, – af mjer sem uppboðshaldara og í krapti þeirra gildandi uppboðslaga, áðurnefnt fasteign, Laugarnes, með tilheyrandi, til fullkominnar eignar, með þeim rjettindum og skyldum, sem henni áður fylgt hafa og sem lögleg heimildarskjöl kynnu að heimila.
Því til staðfestu er þetta uppboðssölubrjef útgefið, sem má þinglesa og bóka án fyrirvara, undir hendi minni og embættisinnsigli.–
Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu í Hafnarfirði 27. febr. 1857.

Borgun fyrir afsalsbrjefið 3 rd
Skrifa: Þrír ríkisdalir ríkismyntar.–
Borgað: A. Baumann

A. Baumann
(L.S.)

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24 júní 1890.
Franz Siemsen.

Eptirrit

Nr. 11.

Samkvæmt landamerkjalögunum af 17. marzmánaðar þ. á. ber hverjum jarðeiganda að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarðar sinnar, eins og hann veit þau rjettust.
Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer sem eigandi jarðarinnar Bústaða í Seltjarnarnesshreppi að senda yður lýsingu á landamerkjum þessarar jarðar, til þess að þjer, sem eigendur að landi á móts við mig, með áteiknun yðar látið í ljósi, að lýsingin sje rjett, að svo miklu leyti sem landamerki jarðar yðar, Laugarness og Klepps snertir.
Reykjavík 3dja d. júním. 1882.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. Th. A. Thomsen.

Til Laugarnes og Kleppseiganda.

Lýsing á Landamerkjum Bústaða liggjandi í Seltjarnarnesshreppi í Gullbringusýslu

Úr Blesugróf í hádegisstund, sem liggur fyrir sunnan Bústaðaholt; þaðan í Lómatjörn; úr Lómatjörn í Klofningsstein-a; þaðan og í stein þann sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg; þaðan í Bústaðaborg. Úr Bústaðaborg sjónhending í Þrísteina; þaðan í Geldingatanga og svo með sjónum og suðuránni (vesturánni) upp að Skorarhyl; stóri fossinn í suðuránni, líka kallaður Stóri-hylur.

Að eptirrit þetta sje samhljóða mjer sýndu frumriti, vottast hjermeð notarialiter eptir nákvæman samanburð.

Notarialskrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu 23/6. 1890.

Borgaðir 25 aurar
F. S.

Franz Siemsen
(L.S.)

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24 júní 1890.
Franz Siemsen

Nr. 12.

/. fylgir hjermeð.

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24 júní 1890.
Franz Siemsen

Nr. 13.

Jeg undirskrifaður Jóhannes Olsen, tómthúsmaður í Reykjavík, sem er 67 ára að aldri, fæddur og uppalinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+

hjer í Reykjavík votta hjermeð, að gamlir menn hafa sagt mjer, að landamerki Laugarness væru að sunnan úr Hangandi í Fossvogi, syðsta Klettinum við sjóinn nest Fossvogslæk Laugarnessmegin, upp í Faxakeldu, sem er, þegar menn fara upp með Fossvogslæk, syðri armurinn á upptökum Fossvogslækjar, allangt austur í mýrinni, og úr Faxakeldu upp í Klofningssteina, sem eru hornmarkið hjerumbil í beinni línu í austur frá Faxakeldu, en í suður frá Bústaðaborg, en að austan voru landamerki Laugarness úr Klofningssteinunum þvert yfir mýrina hjerumbil í norður upp fyrir austan Pálsmóa yfir hjerumbil miðja vestari girðingu Thomsens í stein uppá holtinu og þaðan í Bústaðaborg og úr henni sjónhending í Þristeina. Þessi merki voru almennt talin þannig, þegar jeg var að alast upp fyrir 1840 og fram yfir 1850, en þá var jeg kominn yfir tvítugt og átti tal um þetta við marga menn; vil jeg þar til nefna Helga Eyjólfsson í Grjóta, sem hafði búið hjer í kring og meðal annars mörg ár á Bústöðum og dó á níræðisaldri fyrir hjerumbil 30 árum síðan, Guðrúnu Vigfúsdóttur í Vigfúsarkoti í Reykjavík, mestu greindarkonu, sem dáin er fyrir allmörgum árum um áttrætt, Einar heitinn múrara, sem hafði verið í Laugarnesi og var hjer svo í Reykjavík, Hannes heitinn Johnsen, kaupmann í Reykjavík, sem ólst upp í Laugarnesi og hafði talað við föður sinn Steingrím biskup, Jóhannes

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Zoëga heitinn, sem hafði alizt upp í Reykjavík og þekkti merkin mjög vel, og marga fleiri, sem allir töldu mörkin eins og jeg hef sagt. Landið var líka notað að þessum mörkum ýmist af Laugarnessmönnum eða af mönnum úr Reykjavík, er fengu leyfi Steingríms biskups bæði til að slá þar og beita skepnum sínum, en Steingrímur biskup dó eins og kunnugt er 1845. Það var fyrst eptir að Ditlev heitinn Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, var orðinn eigandi að Bústöðum að farið var að rugla með mörkin, en þá var Helgi Thordersen biskup farinn að búa í Laugarnesi og skipti sjer lítið af því, sem Thomsen hjelt fram. Thomsen kaupmaður girti inn fyrir mörk Laugarness alveg þegjandi, og man jeg þá að marga furðaði stórlega á að honum skyldi haldast þetta uppi, en síðan hefir þetta ekki verið útkljáð; Thomsen reyndi að nota landið, en Laugarnesseigendur ljetu sínar skepnur ganga inn í Fossvog og leyfðu öðrum að gjöra slíkt hið sama, og hafa skepnurnar svo gengið í Laugarnesslandi á sama hátt, eins og skepnur ganga í haga.

Merki þau, sem H. Th. A. Thomsen kaupmaður heldur nú fram hef jeg aldrei heyrt gamla menn nefna og það er fyrst fyrir þremur árum, að jeg hef heyrt, að Thomsen væri búinn að finna nýja Klofningssteina niður við Fossvogslæk, en steininum, sem er að norðanverðu við lækinn rjett hjá vaði, sem kallað er Norðlingavað, var ávallt kallaður af eldri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+

mönnum Norðlingasteina.

Reykjavík 20. júní 1890.
Joh. Olsen.

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.
Franz Siemsen

Nr. 14.

Jeg undirritaður Jóhannes Zoëga í Reykjavík, sem nú er 67 ára að aldri, fæddur og uppalinn hjer í Reykjavík, votta hjermeð að gamlir menn hafa sagt mjer, að landamerki Langarness væru að sunnan úr Hanganda í Fossvogi, syðsta klettinum við sjóinn næst Fossvogslæk Langarnesmegin, uppí Fossakeldu, sem er, þegar menn fara upp með Fossvogslæk, syðri ánni á upptökum Fossvogslækjar, allt langt austur í mýrinni, og úr Fossakeldu uppí Klofningssteina, sem eru hornmarkið hjerumbil í beinni línu í austur frá Fossakeldu, en í suður frá Bústaðaborg, en að austan væru landamerki Langarness úr Klofningssteinum þvert yfir mýrina hjerumbil í norður upp fyrir austan Pálsmóa yfir hjerumbil miðja vestari girðingu Thomsens í stein uppá hæðinni og þaðan í Bústaðaborg og úr henni sjónhending í Þrísteina. Þessi mörk voru almennt talin þannig, þegar jeg var að alast upp fyrir 1840 og fram yfir 1850, en þá var jeg kominn undir þrítugt og átti tal um þetta við ýmsa menn. Sjerstaklega sagði faðir minn sálugi, Jóhannes Zoëga, sem hafði alist upp hjer í Reykjavík, nákvæmlega frá þessum merkjum

og sömuleiðis Hannes heitinn Johnsen, kaupmaður í Reykjavík, sem hafði alizt upp í Laugarnesi og dvalað við föður sinn Steingrím biskup. Jeg átti einnig tal um þetta við Halldór heitinn, son Helga Eyólfssonar í Grjóta; hann bjó á Bústöðum og hjelt sömu merki, eins og jeg hef talað um. Meðal annars fjekk jeg leyfi hjá Halldóri kringum 1845-46, áður en Ditlev heitinn keypti Bústaði, að slá vestast í Bústaðalandi, en ekki kvaðst hann mega leyfa mjer að slá lengra vestur en að merkjunum, sem jeg hef áður nefnt.
Landið var líka notað að þessum mörkum ýmist af Laugarnessmönnunum eða af mönnum úr Reykjavík, er fengu leyfi Steingríms biskups bæði til að slá þar og beita skepnum sínum, en Steingrímur biskup dó, eins og kunnugt er, 1845. – Það var fyrst eptir að Ditlev heitinn Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, var orðinn eigandi að Bústöðum, að farið var að rugla með mörkin, en þá var Helgi Thordersen biskup farinn að búa í Laugarnesi, og skipti sjer lítið af því, sem Thomsen hjelt fram. Thomsen kaupmaður girti inn fyrir mörk Laugarness alveg þegjandi, og man jeg þá að marga furðaði stórlega á, að honum skyldi haldast þetta uppi, en síðan hefir þetta ekki verið útkljáð; Thomsen reyndi að nota landið, en Laugarnesseigendur ljetu sínar skepnur ganga inn í Fossvog og leyfðu öðrum að gjöra slíkt hið sama, og skepnurnar svo gengið í Laugarnesslandi á sama hátt, eins og skepnur ganga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+

í haga.

Merki þau, sem H. Th. A. Thomsen kaupmaður, heldur nú fram, hef jeg aldrei heyrt gamla menn nefna og aldrei hef jeg heyrt eldri menn tala um aðra Klofningssteina, en þá, sem jeg hef áður nefnt, en steininum, sem er að norðanverðu við Fossvogslæk-rjett hjá vaði, sem heitir Norðlingavað, var ávallt kallaður af eldri mönnum Norðlingasteinn.

Reykjavík 20. júní 1890.

J. Zoëga.

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.

Franz Siemsen.

Nr. 15.

Jeg undirskrifaður Páll Magnússon í Pálsbæ eða Holti í Reykjavík, sem er 69 ára að aldri, fæddur og uppalinn í Reykjavík, þar sem jeg hef verið allan minn aldur, votta hjermeð, að jeg heyrði gamla menn á mínum yngri árum jafnan segja að landamerki milli Laugarness og Bústaða væru fyrir innan Háaleyti um Söðulstein og svo þar ofan eptir í mýrina. Fastakeldi var talin í upptökunum á Fossvogslæk og Hang-
andi syðsti kletturinn við sjóinn næst Fossvogslæk.
Sjerstaklega man jeg eptir, að Halldór heitinn, son Helga heitins í Grjóta, sem var alinn upp á Bústöðum og átti þá hálfa, sagði mjer, að landamerkin milli Laugarness og Bústaða væru um Söðulstein í Bústaðaborg.

Þótt jeg hafi átt tal við ýmsa um landamerkin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hef jeg aldrei heyrt gamla menn segja, að Bústað-
ir ættu niður að Fossvogslæk, eða þar væri nokkur
merkjasteinn og ekki heldur um neinn merkjastein
vestar í Háaleyti.

Reykjavík 22. júní 1890.
Páll Magnússon

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.
Franz Siemsen

Nr. 16.

Jeg undirritaður Jóhannes Oddsson, sem er 61 árs
að aldri og hef búið á Bústöðum í Seltjarnarness-
hreppi í 18 ár nefnilega frá 1860 til 1867 og 1871 til 1882
votta hjermeð, að jeg brúkaði eigi, meðan jeg bjó á Bú-
stöðum, lengra en vestur að Háaleyti og ofanundir
uppkökum á Fossvogslæk. Skepnur Laugarnessmanna
og fleiri gengu auðvitað inná þetta land, eins og geng-
ur, og þau fjögur ár, sem jeg var í burtu frá Bústöð-
um árin 1867-1871 fjellu girðingar Thomsens tals-
vert niður og gengu skepnurnar þá mikið inn
fyrir girðingarnar fyrst á eptir að jeg kom aptur að
Bústöðum 1871. Ennfremur skal þess getið, að Hannes
heitinn Johnsen vildi halda landamerki Laugarness
um Söðulstein og sömuleiðis talaði Jón, son Halldórs
Helgasonar á Bústöðum, um þessi merki og nefnd-
aði við stein suður í Flóanum, sem jeg þó aldrei
fann.
Þetta vottorð er jeg reiðubúinn að staðfesta með eiði ef krafizt verður.

Reykjavík 22. júní 1890
Jóhannes Oddsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24/6. 1890
Franz Siemsen

Nr. 17.

Spurningar

I til vitnisins herra kaupmanns Geirs Zoëga í Reykjavík.

1, Hvað er vitnið gamalt?
2, Hvar á vitnið heima og hvar hefur það alist upp?
3, Hefur vitnið heyrt gamla menn segja, hvar merki væru á landinu milli Laugarness og Bústaða, og hvar sögðu gamlir menn, að þau merki væru?
4, Hefur vitnið heyrt gamla menn eða yngri segja, að landamerki milli Laugarness og Bústaða væru suð-ur við stein niður við Fossvogslæk og við stein vest-an til við Háaleyti niðri í mýrinni nokkuð fyrir neðan veginn?
5, Hefur vitnið heyrt nokkra gamla menn kalla stein eða steina spölkorn fyrir ofan Hanganda í Foss-vogi Klofningssteina?
6. Hefur vitnið heyrt gamla menn segja, hvar Fasta-kelda sje og Hangandi í Fossvogi?
II til vitnanna Jóhannesar Olsens, Jóhannesar Zoëga, Páls Magnússonar og Jóhannesar Oddssonar í Reykjavík:
1, Kannast vitnið við hið framlagða vottorð, sem und-irskrifað er með þess nafni, og að það sje að efni og innihaldi sannleikanum samkvæmt, að því vitnið bezt veit?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ennfremur til Jóhannesar Oddssonar:

2. Hefur vitnið heyrt gamla menn eða yngri kalla stein eða steina við Fossvogslæk Laugarnessmegin, spölkorn fyrir ofan sjávarmál, Klofningsstein?

3. Hefur vitnið heyrt gamla menn eða yngri segja að merki milli Laugarness og Bústaða væru frá þessum steinum í nokkurn stein vestan til við Háaleyti?

Reykjavík 24 júní 1890.
Páll Briem

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.
Franz Siemsen.

Nr. 18. (afstöðuuppdráttur)

./. fylgir hjermeð
Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum d. 24/6. 1890.
Franz Siemsen

Óskaði umboðsmaður stefnanda að stefndi legði fram nú þegar þau skilríki, er hann hefði til upplýsingar í málinu. Stefndi sagðist mundu gjöra það, er málpartsinum væri búinn að leiða vitni sín til upplýsingar málstað sínum. Umboðsmaður stefnanda óskaði þá, að vitnaleiðsla færi fram.
Mætti þá í rjettinum kaupmaður Geir Zoëga.
Dómarinn lagði fyrir hann spurningarnar á skjali Nr. 17 I 1-6 og svarar hann þeim þannig

að 1. spurningu 70 ára
að 2. — " — Vitnið segist eiga heima í Reykjavík og hafa alizt þar upp.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

#

að 3. spurningu Vitnið segir að gamlir menn hafi sagt sjer, að merkin væru úr Þrísteinunum í Búskadaborg; þaðan í stein sem er í vestur og suður af Búskadaborg og jafnframt hafi verið nefndur Sölusteinn; þaðan í Klofningssteina sem eru fyrir sunnan girðingu Thomsens.

að 4. —„— Vitnið segist eigi hafa heyrt aðra tala um það nema herra Thomsen.

að 5. —„— Vitnið svarar þessari spurningu neitandi.

að 6. —„— Vitnið segist hafa heyrt það nefnt Faxakeldu, þá keldu, þar sem Fossvogslækur hefir upptök sín eða myndast úr. Vitnið segist hafa heyrt kallað Hanganda við Fossvogsbotn norðanverðan.

Þennan framburð sinn er vitnið reiðubúið til að staðfesta með eiði. Stefndi mótmælir framburði þessa vitnis sem þýðingarlausum þar sem vitnið hefir verið eigandi að Laugarnesseigninni og sem slíkur skrifað undir landamerkjaskrá fyrir eigninni, en frá fellur eiðfestingu þess. Vitnið vjek úr rjetti. Uppl. staðf.
Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Zoëga
Vitninu var sýnt rskjal nr. 14 og sem var lesið upp fyrir því og kannast það við að hafa ritað undir það og vera reiðubúið til að staðfesta framburð sinn, sem það hefir gefið í því með eiði ef þess yrði krafist. Mótparturinn frá fellur eiðfestingu þessa vitnis.
Vitnið vjek úr rjetti. Uppl. staðf.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Olsen.
Vitninu var sýnt rskjal Nr. 13 og það upplesið fyrir því.
Kannast það við að hafa gefið skýrslu þá, sem í því
er innifalin. Málspartar fráfjellu eiðfestingu vitnisins.
Upples. staðf. Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Páll Magnússon.
Vitninu var sýnt rskjal Nr. 15 og það upplesið fyrir
því. Kannast það við að hafa gefið skýrslu þá, sem
er innifalin í því, og vill staðfesta hana með
eiði ef þess verður krafizt. Málspartar fráfalla eiðfest-
ingu. Uppl. staðf. Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Oddsson.
Vitninu var sýnt rskjal Nr. 16 og það upplesið fyrir því;
kannast það við að hafa gefið framburð þann, sem
innifalinn er í því, og vera reiðubúið til að staðfesta
hann með eiði ef þess verður krafizt. Fyrir vitnið
voru lagðar spurningarnar á rskjalinu Nr. 17 II 2-3
og svarar vitnið þeim þannig:
að II 2, – Vitnið segist eigi hafa heyrt annan tala um
Klofningssteinn nema Thomsen kaupmann.
að III 3. Vitnið segist engan hafa heyrt tala um það
nema Thomsen kaupmann.
Uppl. staðfest rjett bókað.
Málsparta frá fjellu eiðfestingu vitnis þessa. Vitnið
vjek úr rjetti.
Stefndi leggur fram:
1, Útskript úr þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu
2, Merkjaskrá fyrir Laugarnesi, dags. 14. júlí 1884

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3, afsölu uppdrátt af merkjunum milli Laugarness og Bústaða og
4, Málsútlistun af sinni hlið, dags. í dag. Skjöl þessi auðk. Nr. 19-22 og hljóða svo:

Nr. 19.

Útskript
úr þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu.
Sjá rjettarhald 23. júlí 1889.

¹/. fylgir hjermeð.

Framlagt í merkjadómi að Bústöðum 24 júní 1890.
Franz Siemsen

Nr. 20.

Samkvæmt 3. grein landamerkjalaga frá 17. marz 1882 gefum vjer undirritaðir eigendur Laugarness svofellda lýsing á landamerkjum þessarar eignarjarðar vorrar: Steinn sá, sem stendur í Kirkjusandi og ber í Ámundaborg (milli Gransháls og Rauðarárholts); úr Ámundaborg sjónhending rjett og stekkja til hvorugra handa suður yfir þverra og miðja Kringlumýri, og svo ofaní Hanganda í Fossvogi; úr Hanganda og uppí Fossakeldu; úr Fossakeldu uppí Klofningsteina, þaðan og í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, þaðan í Bústaðaborg; úr Bústaðaborg sjónhending í þrísteina og svo fram eptir Laugarásnum í Líkavörðu (torfu) þá gömlu, skammt fyrir sunnan Vatnagarð.

Reykjavík 14. dag júlímán. 1884

Magnús Stephensen  E. Th. Jónassen fyrir hönd frú S. Siemsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

J. Þórðarson. Lúðvig Alexíusson. H. Helgason
H. St. Johnsen. A. Thorsteinsen. G. Zoëga. G. Þórðarson.
P. V. Biering. O. Finsen

Framlagt í merkjadómi að Bústöðum 24 júní 1890.

Franz Siemsen

Nr. 21. (afstöðuuppdráttur)

./. fylgir hjermeð

Framlagt í merkjadómi að Bústöðum 24 júní 1890.

Franz Siemsen

Nr. 22.

Þegar ræða skal um landamerki milli Langaness og Bústaða, þá eru báðir partar samkunga um það, að hinir svonefndu Þrísteinar sje hornmarkið að útnorðanverðu og þaðan liggi takmörkin beint í Bústaðaborg, sem enginn getur á villzt, því að slíkt mannvirki er ekki nema eitt, nefnilega fyrir vestan Bústaðaholt. Í allri dældinni frá Fossvogi og uppað Elliðaánum er engir þeir steinar, sem klofnir geta heitið, nema þeir einir, sem standa rjett við Fossvogslækinn að norðanverðu; því að þeir steinar, sem vitni mótpartsins hafa heyrt að væru landamerkjasteinar milli Langaness og Bústaða verða alls eigi nefndir Klofningssteinar. Það eru aðeins þrír steinar, ólíks eðlis, sem aldrei hafa saman átt, enda liggja langt fyrir sunnan öll takmörk Bústaða í landi Digraness. Hvar Fossakeldan er veit enginn, og sögusögn mótpartsins um það efni er getgáta ein út í bláinn. Þegar á hinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bóginn er litið til þess, að Laugarnessland nær í Hang-
anda góðan kipp fyrir norðan Fossvogslækinn, og þaðan
í Fossakeldu, og svo í Klofningssteina, þá virðist auð-
sætt, að lækurinn hafi allur verið nefndur Fossakelda
frá upptökum og niður til sævar, og hafi dregið nafn
af aðaluppsprettunni, sem hafi heitað Fossakelda, því
að ef dregin er bein lína úr Hanganda fram til
keldu þeirrar, sem mótpartsinn kallar Fossakeldu,
hver átti þá að eiga þann þríhyrning, sem eptir
verður milli þeirrar línu og Fossvogslækjarins?
Átti það að vera almennings-eign? eða einskis eign.
Hjer getur alls enginn vafi á leikið, að kröfur mótparts-
ins eru með öllu ástæðulausar, enda hefur hingað til,
svo jeg viti til, enginn fyrir alvöru rengt það, að þau
landamerki, sem jeg hef talið, væru rjett, eða reynt
til að ná nokkru af því landi sem jeg gjöri kröfu
til móts við Laugarnes.
Þegar sagt er, að Laugarnes hafi haft slægjur í
vesturhluta þess svæðis, sem umgirt er frá Bústöðunum,
þá er það með öllu þýðingarlaust. Dómararnir verða
að játa, að það hefur miklu meiri þýðingu, að stykk-
ið hafa verið umgirt án þess nokkur sem helzt
mótmæli hafi framkomið gegn því af hálfu eiganda
Laugarness, hvorki fyr nje síðar. En hitt getur
vel verið og er næsta eðlilegt, að ábúendur Laugarness
hafi einhverntíma fengið slægjur á Bústöðum,
því sem þeir eru næsta jörð við Laugarnes, en það
sannar alls eigi að Laugarnes hafi átt þar slægjur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

land.
Að öðru leyti leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skírskota til skjala þeirra, er jeg hefi framlagt og gjöra þá rjettarkröfu: Að landamerkin fyrir eignarjörð minni Bústöðum gagnvart Laugarnesi verði ákveðin þannig eins og jeg hefi gjört í hinni framlögðu merkjalýsing dags. 3ja júní 1882 og að sækjandinn verði dæmdur til að borga allan málskostnað með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.
Eg geymi mjer rjett til ítrari málsútlistunar og mótmæla fyrir rjettinum og legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 24ða d. júnímán 1890.

Virðingarfyllst

H. Th. A. Thomsen.

Til

Merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu

Framlagt í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.

Franz Siemsen

Eptir beiðni stefnda spurði dómarinn stefnanda að því hvort hann tæki framburð vitnisins Guðna Einarssonar á rskjali Nr. 19 eins gildan og eiðfestur væri. Stefnandi tók þennan framburð eins gildan og eiðfestur væri. Stefnandinn lagði fram vottorð frá Guðna Einarssyni dags. 20. þ.m. Guðni Einarsson mætti í rjettinum og kannast við að hafa gefið það og vera reiðubúinn til að staðfesta það með eiði. Málspartar frá fjellu eiðfestingunni. Vottorðið audk. Nr. 23 og hljóðar svo:

Nr. 23.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður Guðni Einarsson, tómthúsmaður í Reykjavík, votta hjermeð, að jeg heyrði föður minn, Einar Einarsson, sem bjó á Bústöðum, meðan jeg var drengur, og flutti þaðan, þegar jeg var fjórtán ára og dó nærri tveimur árum eptir, segja, að hornmark á landamerkjum Bústaða að sunnan og vestan væru Klofningasteinn, en hann sýndi mjer þá eigi eða aðrir, sem sögðu þetta, enda vissi jeg að óvissa var um merkin, en þegar jeg varð eldri og skoðaði landið þótti mjer einna líklegast, að Klofningasteinn væri við Fossvogslæk, eptir því sem faðir minn sagði mjer og fleiri menn.

Þetta vottorð er jeg búinn að staðfesta með eiði, ef krafizt verður.

Reykjavík 20. júní 1890

Guðni Einarsson

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.

Franz Siemsen

Stefnandinn lagði jafnframt fram mótmæli gegn framburði Guðna Einarssonar, dagsett í dag er auðk. No. 24 og hljóðar svo:

Nr. 24.

Mótmæli

gegn framburði Guðna Einarssonar.

Framburði Guðna Einarssonar mótmæli jeg að öllu leyti og krefst þess að ekkert tillit verði tekið til hans. Jeg vil að því er snertir efni hans taka það fram, að það er fjarska ósennilegt, að faðir Guðna, sem var leiguliði á Bústöðum skuli hafa sagt honum frá merkjum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem enginn gamall maður þekkir eða hefir heyrt gamla menn segja, og mótmæli jeg því að svo hafi verið. Þegar Guðni fór með föður sínum frá Bústöðum til Reykjavíkur þá var hann 14 ára, en þegar faðir hans dó var hann á sextánda ári, og því er það enn ólíklegra, að Guðni hafi þá getað skilið föður sinn rjett, enda hef jeg vottorð frá Guðna, þar sem hann viðurkennir, að honum hafi aldrei verið sýnd mörkin, og því er það enn eðlilegra, að Guðni hefir ruglast. Það sem enn veikir framburð Guðna, er það, að Páll Magnússon, sem er mágur Guðna og ólst upp með honum, eptir að faðir Guðna dó, skuli aldrei hafa heyrt mörk Thomsens nefnd, þar sem Guðni þó segir að ekki að eins faðir sinn hafi sagt þessi mörk Thomsens heldur og fleiri menn. Jeg held því fram, að það, sem Þorsteinn kaupmaður vottar á blaði sínu um framburð Guðna, sje alveg rjett.

Jeg legg hjermeð fram vottorð Guðna, sem jeg skírskota til að því, er snertir hið ofangreinda en sem jeg þó alls eigi viðurkenni að öðru leyti.

p.t. Bústöðum 24. júní 1890
Páll Briem

Lagt fram í merkjadómi að Bústöðum 24. júní 1890.
Franz Siemsen

Stefnandinn fjekk með samþykki mótpartsins ljeð skjölin Nr. 19-22. Stefndi fjekk sömuleiðis ljeð skjölin Nr. 1-18, 23 og 24.

Málið verður aptur fyrir tekið á morgun á bæjarþings-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stofunni í Reykjavík kl. 4 e. hádegi.

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið Páll Briem

Franz Siemsen H. Th. A. Thomsen

Þ. Runólfsson. Halldór Jónsson. G. Gíslason. Þórður Guðmundsson

Ár 1890 hinn 25. júní var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur á bæjarþingsstofunni í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða.

Af hendi stefnanda er mættur yfirrjettarmálaflutningsmaður Páll Briem. Stefndi er persónulega mættur með yfirrjettarmálaflutningsmanni Guðlaugi Guðmundssyni. Umboðsmaður stefnanda skilar aptur skjölum málsins, sem honum ljeð hafa verið, Nr. 19-22 og leggur fram framhald sóknar, dags. í dag með 1 fylgiskjali, er auðkennast Nr. 25 og 26 og hljóða svo:

Nr. 25.

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen

um landamerki Laugarness og Bústaða

Þegar jeg las vörnina og það, sem H. Th. A. Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur þar fyrir sig að bera, þá varð jeg alveg hissa á hversu magur málstaður hans er og hversu hann jafnvel hefur haldið fram sínum landamerkjum með mikilli ljettúð. Hinn heiðraði rjettur hefur heyrt framburð vitnanna t.a.m. um Fossakeldu og þó segir mótpartúrinn án þess að láta sjer bregða: „Hvar Fossakelda er veit enginn", og er þetta rjett eins og dæmi þess; hversu H. Th. A. Thomsen heldur máli sínu fram með blindum ákafa.

Af sömu tegund er það, sem hann segir um Klofningssteina. Hann segir, að Klofningssteinar hafi aldrei saman átt. En hvaðan eru þeir þá komnir saman? Heldur mótpartúrinn, að þeir hafi verið fluttir þangað af mannavöldum eða að yfirnáttúrlegur kraftur hafi flutt þá þangað sinn úr hverri áttinni. En annars hefur þetta litla þýðingu.

Klofningssteinar er nafn, og hvað mönnum fyrir meir en 300 árum hefur gengið til að kalla þá svo, eða þeim, sem í upphafi nefndu þá svo, veit enginn. Nafnið getur verið komið af mörgu; það getur enginn sagt um af hverju það er. Hitt er nú sannað, að steinarnir hafa haft þetta nafn, eins og hinir elztu menn hafa borið og sagt að gamlir menn hafi sagt.

Svo segir mótpartúrinn, að Klofningssteinar sjeu langt fyrir sunnan öll takmörk Bústaða í landi Digraness. En það dugir lítið að koma með þesskonar alveg ósannað. Bústaðir eiga nokkuð suður fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

skurðinn sem í mýrinni, en hvað langt eru Klofn-
ingssteinar fyrir sunnan skurðinn? Málsparturinn hef-
ur víst heldur eigi athugað það að hjer er alls eigi spurn-
ing um Digranesland. Digraneseigendur hafa hvorki
gagn eða skaða af þeirri landamerkjalínu, sem ákveðin
verður, því að hjer er aðeins spurningin um landmörkin
milli Laugarness og Bústaða enda er þessi dómur
ekki bindandi fyrir aðra en þá, sem stefnt er í mál-
inu að lögum, og þó aldrei væri nema svo, að
Klofningssteinar væru í Digraneslandi – sem jeg
reyndar neita – þá má vel miða við þá, sem það
merki er ráði línunni milli Bústaða og Laugarness
og jeg hef einmitt alveg nýlega átt við mál, þar sem
miðað var við merki í annars landi, og er því ljóst
að þessi mótmæli stefnda, sem bæði eru ósönn
og ósönnuð, eru þýðingarlaus, þótt þau væru sönnuð.
Eins og jeg tók fram, þá var það málspartsins, að
sanna að hann hefði haft þá brúkun á hinu um-
þrætta landi, er heimilaði honum landið, en þetta
hefur hann ekki gert, og hann hefur jafnvel alls
eigi haldið því fram í varnarskjali sínu, að hann
hafi haft slíka brúkun á landinu. Hann hefur
aðeins sagt að ofurlítill hluti af þrætulandinu
hafi verið ungirtur án mótmæla. En hvað hjálpar
slíkt, þegar landið hefur verið beithagi fyrir skepnur
Laugarneseigenda eins og áður hefur verið og það jafn-
vel einnig sá hluti, sem ungirtur hefur verið. Dóm-
ararnir sjá, hversu merkilegar þessar girðingar voru,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar þeir riðu yfir það rjett eins og engin girðing hafi verið. En jeg orðlengi ekki meira um þetta.
Mótpartinum hefur ekki gagnað mótmælum mínum sannað – eins og hann heldur eigi getur gert – þá brúkun, er heimili honum landið, og þá er allur hans yfirgangur og brúkun um undanfarin ár eigi aðeins fyrir utan girðinguna, heldur og fyrir innan það, þýðingarlaus.
Annars vil jeg spyrja: Er þetta allt, sem mótparturinn hefur fram að færa. Ætlar hann sjer með þessu skjali, að vinna landið niður að Fossvogslæk og vestur fyrir Háaleiti? Hann reynir ekki einu sinni með einu orði að færa vörn fyrir sinni landamerkjalínu. Hann hefur þar ekkert fyrir sig að bera. Þrátt fyrir sín miklu hyggindi hefur hann ekki neitt fyrir sjer, sem styður hans mál. Jeg hef hjer því ekkert um landamerkjalínu mótpartsins að segja annað, en að það er ómögulegt fyrir dómendurna, að dæma þessa línu rjetta vera.
Hinu hefur mótparturinn gengið vel fram í aftur á móti, að koma með allskonar fjarstæður og mótmæli gegn mjer. Meðal annars hefur mótparturinn mótmælt vitnisburðum vitna, af því að þau hafa verið eigendur Laugarness; það var nú auðvitað mótpartsins að sanna, að málið gæti haft nokkra þýðingu fyrir þá sem slíka, og því væri mjer nóg að mótmæla slíku, en til vonar og vara þá legg jeg hjermeð fram vottorð bæjarfógetans í Reykjavík, sem sýnir að mótmæli

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

mótpartsins hafa ekki við neitt að styðjast. Það gjörir ekkert til, þótt vitnin hafi haft áður „aktuella Interesse" í málinu, úr því að hún á sjer eigi lengur stað nú. (Sjá Nellemann, den ord. civ. Procesmaade bls. 420).

Mótpartinum hefur alls eigi borið fyrir sig vitnisburð Guðna Einarssonar frá í fyrra og því þarf jeg eigi að tala um hann frekar, en jeg hef gjört. Vitnisburðurinn er mjög svo þýðingarlítill í sjálfu sjer, þegar hann er borinn saman við það, sem vitnið bar í gær. Auk þess er hann mjög tortryggilegur í sjálfu sjer og getur alls eigi staðist gagnvart þeim vitnisburðum, sem jeg hef fært fram. Eptir þeim er nú merkjalína sú, sem jeg hef haldið fram, í mesta máta sanngjörn og eðlileg, en það er nú bæði sannað og kemur heim við forn skjöl, að hið umþrætta land hefur verið Laugarnesland að minnsta kosti og þetta land hefur mótpartinum eigi sannað að hafi að lögum undan því gengið.

Að endingu tek jeg það fram, að rjettarskjal nr. 21 er enginn afstöðuuppdráttur af þrætulandinu, og mótmæli jeg honum því, sem þýðingarlausum, og línurnar á honum eru rjett fríhendisdrög, sem ekkert verður byggt á og bogadregnar milli marka.

Að svo mæltu mótmæli jeg öllu, sem mótpartinum hefur tekið fram, skýrskota til þess, sem jeg hef tekið fram og held fast við mínar rjettarkröfur og legg málið í dóm með fyrirvara

Reykjavík 25. júní 1890.

Vindingr Jyllid.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Briem

Til
Dómsins um landamerki Laugarness og Bústaða.
Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890. –
Franz Siemsen.

Nr. 26.

Úrslit landamerkjamáls, sem nú er rekið fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu útaf merkjum milli Laugarness og Bústaða, baka engum af fyrverandi eigendum Laugarness nokkura peningaábyrgð nje aðra ábyrgð gagnvart bæjarstjórn Reykjavíkur – vottast hjermeð. –

Bæjarfógetinn í Reykjavík 25. júní 1890.
Halldór Daníelsson

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890
Franz Siemsen

Stefndi skilar aptur skjölum málsins, sem honum ljeð hafa verið Nr. 1-18 og Nr. 23 og 24 og leggur fram framhald varnar, dags. í dag. Skjal þetta auðkennist Nr. 27 og hljóðar svo:

Nr. 27.

Landamerkjamál:
Eigendur Laugarness
gegn
Eiganda Bústaða.

Mótpartinum hefur verið að leitast við að sanna það með vitnum, að mörk þau, er hann heldur fram, sjeu hin rjettu, en þetta hefur honum eigi heppnazt. Það er nú viðurkennt af mótpartinum, <u>hvar</u> Bústaðaborg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

liggur og með því er í rauninni stefnulína markanna
gefin og hlýtur hún eptir stefnunni úr Þristeinum í
Bústaðaborg að liggja nokkuð talsvert til vesturs, enda sýna
og lögfestarnar, að svo er, orðin „fyrir vestan og sunnan“.
Það sem hjer því er spurning um að upplýsa með vitnum
er þetta: 1. Hvar liggur steinninn, sem lögfesturnar og merkja-
lýsingarnar eiga við og segja að liggi „fyrir vestan og sunnan
Bústaðaborg“? 2. Hvar liggja Klofningssteinar? Vitni
málpartsins hafa öll borið, að þessi steinn það væri „Söð-
ulsteinn“, en málpartinum viðurkennir sjálfur, að þetta sje
rangt, því Söðulsteinn liggur í suðaustur frá Bústaðaborg.
Áður fyrri hefur því líka verið haldið fram af Laugarnesseig-
endum, að Söðulsteinn væri mark og að Bústaðaborg lægi
á allt öðrum stað, en nú hefur málparturinn fundið upp
nýjan stein, sem enginn maður hefur áður nefnt til
slíks, sem að vera mark og engin vitni þekkja og sem liggur
nær því í hádegisstað frá Bústaðaborg, í öfugri stefnu
bæði við línuna úr Þristeinum í Borgina og úr Borginni
í jafnvel hans eigin svonefndu „Klofningssteina“. Það
neitar því engin ætt, að þessi steinn hafi nokkurn tíma
verið merki eða geti nokkurn tíma orðið merki. Þessi breyt-
ing á merkjunum hjá málpartinum þvert og beint ofaní
hans eigin vitni sýnir bezt, bæði hvað vitnisburðirnir eru
óáreiðanlegir og hvað merki málpartsins eru í lausu
lopti og á reiki, eintómar getgátur byggðar á geðþótta hans
og því sem honum í þann svipinn sýnist.
Viðvíkjandi vitnisburðunum skal jeg taka það fram, að
vitnisburðir G. Zoëga og Páls Magnússonar eru þýðingar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lausir af því að þeir hafa áður verið eigendur Langarness og hafa selt það og eiga að svara lagariptingunum. Auk þess ber vottorðum þeirra ekki saman; annar segir „Hanganda" syðst í Fossvogi, en hinn því nær norðast. Þó þetta snerti ekki beinlínis þetta mál, þá sýnir það þó að þarna hefir þeim skeikað og að vel getur verið, að svo sje hjá þeim í fleiru, auk þess sem þeir einir og aðrir tala um Söðulstein, sem mótpartinn játar rangt að vera. Þessa vitnisburði vefengi jeg því í alla staði.

Vitnisburðir Jóh. Olsen og Jóh. Zoëga koma fremur fram sem „innlegg" í málinu, en sem vitnaskýrslur og sýnir allt orðalag þeirra, að það er mótparturinn, sem hefir stílað þeim orðin og fengið þá sem „procuratora" fyrir sig. Þeir segja í vottorðunum sínum ýmislegt, sem auðsjáanlega er aðeins álit þeirra, en ekki faktiskt afvik, sem þeir hafa sjeð eða reynt, en um álit eða dóm vitna er hjer ekki spurt. Þeir segja meðal annars: „Thomsen (o: faðir minn sál.) girti inn fyrir mörk Langarness alveg þegjandi (hver sagði vitnunum að hann hefði gjört það alveg „þegjandi"?) og man jeg að margir fundu sig á að honum skyldi haldast þetta uppi, en síðan hefir þetta (hvað?) ekki verið útkljáð; Thomsen reyndi að nota landið, en Langarnesseigendur ljetu sínar skepnur ganga inn í Fossvog." Fossvogur er allt annað en hinn umgirtu stykki í Bústaðalandi, því hann liggur miklu vestar, fyrir vestan Háaleyti. Þessir vitnisburðir eru því í alla staði villandi, eptir því sem þeir eru orðaðir. Þeir geta ekki sýnt annað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en að Laugarnesseigendur hafi notað Fossvog, sem sitt land, en þeir sanna alls eigi og það leiðir alls eigi þrætt, að faðir minn hafi án heimildar girt og notað „stykkið" í Bústaðalandi. Að Laugarnesseigendur eigi þá þegar girðingarnar voru settar, hreifðu þessu tilkalli, það sýnir einmitt að þetta tilkall hefur þá eigi verið til. Þá voru lifandi allir þessir „gömlu menn", sem vitnin eru að citera í og þá hefðu Laugarnesseigendur getað fært þá sjálfa sem vitni og þá hefði maður eigi þurft að byggja á misskildum og rangfærðum sögusögnum annara vitna, þá vitnisburðina á þriðju eða fjórðu hönd. Slíkir vitnisburðir eru í alla staði þýðingarlausir og þá vefengi jeg þá og mótmæli þeim algjörlega.

Eptir því sem fram er komið nú á þessu stigi málsins, þá getur næsta markið við Bústaðaborg ekki verið Söðulsteinn, því honum er mótparturinn fallinn frá og viðurkennir, að hann eigi ekki að vera mark. Það getur heldur eigi verið steinn sá, er mótparturinn heldur fram, því hann hefur aldrei áður verið markasteinn, og engum hefur áður dottið í hug að nefna hann til slíks, en mótparturinn hefur enga heimild til að búa til slíka markasteina upp úr sjer, þar sem honum sýnist, rjett af handahófi. Eptir því sem þetta mál er fært, þá getur að þessum tveim steinum frágengnum, ekki verið spurning um nokkurn annan stein, sem næsta mark við Bústaðaborg, en einmitt þann, sem jeg hef haldið fram og sem stendur í mýrinni undan Háaleyti vestur og suður af Borginni, enda er vitnisburðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðna Einarssonar um þennan stein óvefengdur og óhaggaður. Þessu slæ jeg föstu og bið merkjadóminn vel að gæta þess, að þetta leiðir beint af því hvernig málsfærslan liggur fyrir, án nokkurs tillits til vitnisburða þeirra, er fram eru komnir. Þetta næsta mark við Bústaðaborg getur eigi annarsstaðar verið. En hvaða vit er þa í því að segja, að Klofningssteinar sjeu langt austur í flóa, hinu megin, alla leið inni Digraneslandi? Þegar leitað skal að hornmarkinu eptir þeirri stefnu, er Þrísteinar – Bústaðaborg – og steinunum fyrir vestan og sunnan Borgina, í mýrinni undan Háaleyti liggja í, þá sýnir sú stefna, að þeir hljóta að vera niðri undir lækinum þar rjett undan og þar getur eigi verið um aðra Klofningasteina að ræða, en þá sem jeg í gær sýndi merkjadómnum og sem sum af vitnunum líka vilja nefna „Norðlingastein“. Þessir steinar sjást frá steinunum í mýrinni og eru auðsjáanlegir klofningar, en annar klofningurinn dottinn og eru munnmæli um, að Norðlingar, er áðu þar, hafi velt honum við og getur það hafa gefið tilefni til hins nafnsins, „Norðlingasteinn“. Auk þess sem þeir Klofningssteinar, er mótpartinum heldur fram, liggja alveg öfugt við stefnunni og inni Digraneslandi, þá eru það ekki „Klofningar“. Það eru þrír steinar, sem aldrei hafa saman átt, hver öðrum ólíkir að eðli og lögun, blátt áfram hnígað saman eins og venjulegu holtagrjóti og liggja niðri í jörðinni, svo að maður sjer þá ekki fyr en maður dettur um þá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjettarsdjali Nr. 12 málmáli jeg sem þýðingarlausu, óeiðfestu utanrjettar-vottorði og protestera móti, að nokkurt tillit verði til þess haft.
Kort það, er málspartwinn hefir framlagt, er í alla staði rangt, bæði að áttum, afstöðu og vegalengdum, sjerstaklega stefnan úr Þrísteinum í Borgina, sem á að liggja mikið úr vestri (hjer umbil frá norðri—suðvestur), svo að hallinn til vesturs í steininn í mýrinni verður talsvert minni, en kortið sýnir, og svo beygir stefnan lítið eitt til suðurs í Klofningssteina. Að öðru leyti má segja, að stefna mín sje þannar frá leið úr Þrísteinum alla leið í Klofningssteinana. Þar á móti skal jeg benda á, að stefnan er rjett á korti því, er jeg hef lagt fram. Sölvasteinn er austar, en kort málspartsins sýnir; hann er rjett í hánorður frá steini þeim, er málspartwinn hefir „fundið upp" sem markastein og í suðaustur frá Bústaðaborg.
Að endingu skal jeg benda á, að það hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir þetta mál, að mikill hluti af því landi, sem málspartwinn vill eigna sjer, hefir verið ungirt og notað af Bústaðaeiganda í nærfellt 43 ár, án þess það hafi í nokkru verið átalið. Hversvegna hafa þessir menn, sem nú eru að bera hjer vitni eptir sögu sögn gamalla manna, ekki höfðað mál þegar þeir sjálfir áttu Laugarnes og þessir gömlu menn lifðu? Áttúrlega af því, að þeir þá álitu þessar sögusagnir óáreiðanlegar, en skyldu þær vera orðnar áreiðanlegri nú á þriðju eða fjórðu hönd?

[signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um „Ægthed" og gildi skjalanna 6–9 veit jeg ekki neitt og mótmæli þeim hjer í alla staði. Jeg skírskota að öðru leyti til þess, sem jeg hef áður framfært og held fast við mínar fyrri kröfur. Kröfum málpartsins og sókn hans mótmæli jeg í alla staði og legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 25. júní 1890.
Virðingarfyllst
H. Th. A. Thomsen.

Til
Merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu

Framlagt í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 25. júní 1890.
Franz Siemsen.

Umboðsmaður stefnanda biður bókað:
Jeg hefi sannað í máli þessu með mörgum vitnum hinum elztu, sem til eru og þekkja hið umrædda land, hvar þau örnefni eru, sem miðað er við af minni hendi. Jeg hefi ennfremur sannað, hvar merkin hafa verið talin á ungdómsárum vitnanna, og þau merki veita umbjóðanda mínum meiri rjett, en það, sem jeg hefi farið fram á og það sem farið er fram á í kröfunni til sáttanefndar í máli þessu. Af því mjer þótti geta leikið vafi á, að umbjóðandi minn kynni að eiga eins mikið land, og talið hafði verið, þá sleppti jeg fyrir hönd umbjóðanda míns tilkalli til þess lands, er mjer þótti geta verið vafi á, en jeg miða merkin við stein fyrir vestan og sunnan Búðaraborg, eins og gjört er í sáttakærunni, en þar af leiðir eigi, að jeg þurfi að gefa eptir af landinu, eins og málparturinn heimtar.

viðvíkjandi mótmælum mótpartsins gegn vitnisburðum Geirs Zoëga og Páls Magnússonar hefi jeg tekið hið nauðsynlega fram í sóknarframhaldi mínu og held fast við það. Að öðru leyti get jeg þess, að þar sem þá greinir á um það, er þeir hafa heyrt nefnt Hanganda, er vel skiljanlegt um fornt örnefni, er enginn ágreiningur hefur verið um sjerstaklega, og þar sem staðirnir, er þeir nefna Hanganda er hvor hjá öðrum. Jeg mótmæli því, að vitnisburðir Jóhannesar Olsens og Jóhannesar Zoëga komi fram sem „innlegg“ í málinu. Þeir byggja vottorð sín aðeins á því, sem þeir hafa heyrt eða hafa persónulega þekkingu um og það er útúrsnúningur er mótpartinum segir um vottorð þeirra viðvíkjandi girðingum D. Thomsens. Fossvogur er eins og tekið er fram í afsalsbrjefi 1857, er konungur seldi Laugarnes, landsparti, og sá landsparti nær alla leið um að Bústaðalandi. Vitnisburði Guðna Einarssonar hefi jeg mótmælt og skírskota til þess, er jeg hefi tekið fram um þann vitnisburð en get þess þó einnig, að hann er þýðingarlaus sem eins manns vitnisburður. Réttarskjal Nr. 12 er alls ekkert uppdráttarvottorð; það er minnisblað, sem Hammer heitinn Johnsen fann í eptirlátnum skjölum Þorsteins sál. Jónssonar kaupmanns. Jeg mótmæli því sem mótpartinum segir viðvíkjandi afstöðuuppdrætti þeim, er jeg hefi lagt fram til þess að dómendurnir getu glöggvað sig á, hvað þrætuefnið væri. Að öðru leyti mótmæli jeg því, er mótpartinum segir um örnefnin, landamerkin og brúkun landsins,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og skírskota til þess, sem jeg hefi áður tekið fram. Mót-
parturinn hefir eigi gjört neinar löglegar sannanir
fyrir því, að örnefni þau, er hann miðar við og landa-
merki þau, sem hann heldur fram, sjeu hin rjettu,
heldur bera vitnisburðir þeir, sem teknir hafa verið í
málinu, með sjer, að þessi landamerkjalína og örnefni
er mótparturinn vill hafa þau, eru fundin upp á síð-
ari tímum. Að svo mæltu legg jeg málið í dóm af
minni hendi með nauðsynlegum fyrirvara. Uppl. staðf.
Af hendi stefnda bað málafærslumaður Guðlaugur Guð-
mundsson bókað:
Um það atriði, hvar hin umþrættu örnefni finnist, hefir
mótparturinn aðeins framfært munnmæli á þriðju
eða fjórðu hönd. Umsögn mótpartsins um vitni sín
sem hin elztu og trúverðugleik þeirra að öðru leyti
mótmæli jeg með sjerstakri skírskotun til þess, að hann
hefir sjálfur viðurkennt að skýrslur þeirra væru eigi
rjettar að því er snertir Söðulstein. Úr því mótpart-
urinn hefir vikið frá Söðulsteini og viðurkennt, að
hann sje eigi rjett mark, þá hlýtur steinn sá, sem
Guðni Einarsson hefir bent á í Háaleytis-mýrinni,
að vera næsta mark fyrir vestan og sunnan Bústaða-
borg, því um aðra slíka steina er eigi að tala á þess-
u svæði eða í þessu máli. Stefnan úr Bústaðaborg í
stein þann, sem mótp. heldur fram, fer í bága við vitn-
isburð hans eigin vitna, og ruglar alveg stefnunni í
hans eigin svonefndu Klofningssteina, sem jeg neita,
að hafi verið nefndir svo fyr en á hinum síðari árum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Steinn sá, sem mótp. heldur fram, sem næsta mark við Bústaðaberg, liggur sem sje nálægt hádegisstað þaðan. Tilvitnuninni í afsalsbrjef 1857 mótmæli jeg sem þýð-ingarlausri, held fast við mótmæli mín gegn uppdrætti ur. 12 og mótmæli umsögn mótp. um það. Sterkari sönnunar fyrir merkjalínu stefnda, en þegar eru framkomnar, álit jeg eigi að þurfi, þar sem sækjandi hefir sýnt, að hann hefir enga fasta merkjalínu að halda sjer við, heldur þvert á móti tekur hann breytingum eptir því, sem honum þykkir bezt við eiga í hvert sinn. Hinu framlagða vottorði bæjarfógetans í Reykjavík mótmæli jeg sem þýð-ingarlausu fyrir þá sök, að það eigi er á hans valdi að dæma um, hverja ákvæði seljendur Laugarness bera. Um brúkun Thomsens á nokkrum hluta hins umþrætta lands eru girðingarnar, sem enn í dag standa, nóg sönnun. Að öðru leyti held jeg fast við það, sem stefndi áður hefur framfært í málinu, mótmæli því, sem um-boðsmaður stefnanda síðast hefir látið bóka og sókn hans yfir höfuð, og legg málið í dóm með fyrirvara. Uppl. staðf.

Umboðsmaður stefnanda bað þá bókað:

Jeg vil að eins taka það fram, að jeg mótmæli því sem ósönnu, að það, sem vitnin hafa borið, sje mannmæli á 3. eða 4. hönd; það er ýmist, að vitnin bera um það, ~~sjálf~~, sem þau persónulega þekkja, eða það, sem þau persónulega hafa heyrt jafnvel hjá þeim mönnum, er hafa búið á Bústöðum og verið eigendur þeirra áður en faðir stefnanda eignaðist þau. Jeg mótmæli því einnig sem ósönnu, að jeg hafi viðurkennt, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Söðulsteinn væri eigi rjett mark, heldur aðeins sagt, að mjer þætti vafi á um mörkin á litlu svæði fyrir vestan hann. Þar sem vitnin hafa borið, að merki milli Laugarness og Bústaða væru um Söðulstein, þá á umbjóðandi minn þó að minnsta kosti í steininum fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, sem jeg hefi miðað við, og það er þá mikil fjarstæða að segja, að vitnisburðirnir fari í bága við kröfu mína. Steinninn fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg er sólverð til vesturs, eins og mjer heyrðist, að hinir heiðruðu dómarar allir saman viðurkenndu, og einkum hinn háttvirti dómsformaður. Jeg mótmæli því, að jeg hafi í nokkru breytt frá þeirri landamerkjalínu, er jeg hefi haldið fram. Jeg held því fram, að það er málpartsins að sanna, að vitnisburðir Geirs Zoëga og Páls Magnússonar sjeu eigi fullkomlega takandi til greina, og jeg mótmæli því, er hann segir viðvíkjandi vottorði bæjarfógetans, sem hefir gefið það samkvæmt skýlausu afsalsbrjefi, sem er í hans höndum. Að öðru leyti mótmæli jeg því, sem málpartsinum hefir tekið fram með tilvísun til þess, sem jeg þegar áður hefi tekið fram í málinu. Legg jeg svo málið í dóm með fyrirvara. Uppl. Staðf.

Af hendi stefnda leiður málaflutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson leókað:

Málp. viðurkennir sjálfur í sókn sinni „að Söðulsteinn er heldur til austurs frá Bústaðaborg". Nú segir hann, að steinn sá, sem hann miðar við, liggi talsvert til vesturs frá borginni, og þó heldur hann því fram, að hann hafi

eigi breytt stefnu markalínunnar; þetta er þó eigi rjett, því jafnvel þótt steinn sá, sem hann miðar við eigi liggi meira en nálægt 25 föðmum fyrir vestan hádegisstað frá Bústaðaberg, þá gjörir þetta þó talsverðan stefnumun á línunni sjerstaklega þegar lengra dregur frá.
Að öðru leyti held jeg fast við mín fyrri mótmæli, mótmæli því, sem málsp. ljet síðast bóka, og legg málið í dóm með fyrirvara. Uppl. staðf. rjett bók.
Umboðsmaður stefnanda mótmælir því, sem málpartur  vinn síðast ljet bóka, og leggur málið í dóm.
Málið tekið undir dóm.

Frekara eigi fyrirtekið
Rjetti slitið
Franz Siemsen

Þ. Runólfsson. Þórður Guðmundsson. Halldór Jónsson. G. Gíslason
Páll Briem. H. Th. A. Thomsen. Gestr Guðmundsson.

Ár 1890 hinn 28. júní var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur á bæjarþingsstofunni í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, G. Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þar þá tekið fyrir málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen
útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða
og var í málinu uppkveðinn svolátandi
Dómur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mál þetta er af sækjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, með stefnu, dags. 11. júní 1889 höfðað fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu gegn hinum stefnda, kaupmanni H. Th. A. Thomsen út af ágreiningi um landamerki milli Laugarness og Bústaða. Hefir stefnandinn gjört þær rjettarkröfur:

1, að landamerki milli Laugarness og Bústaða verði ákveðin úr Þrísteinum sjónhending í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg sem er uppi á ásnum að sunnanverðu nokkru fyrir vestan og ofan Söðulstein; svo frá þessum stein ofan brekkurnar í suður beina línu í Klofningssteina, sem eru suður í mýrinni, þegar fer að halla upp hinu megin.

2, að eigandi Bústaða, kaupmaður H. Th. A. Thomsen verði skyldaður til að greiða stefnanda samgjarnlegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Stefndi aptur á móti hefir gjört þær rjettarkröfur:

1, að landamerki milli Laugarness og Bústaða verði ákveðin: úr Þrísteinum í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg og þaðan í Klofningssteina,

2, að stefnandinn verði dæmdur til að borga allan málskostnað með einhverju ríflegu eptir mati rjettarins.

Í máli þessu eru málspartar samdóma um, hvar Þrísteinar og Bústaðaborg sjeu, en ágreiningurinn er risinn út af því, bæði hvar steinn sá, sem á að vera fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, sje, og hvar hinir svonefndu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Klofningssteinar sjeu, eða hvort eigi að draga stefnuna úr Bústaðaborg.
Stefnandinn hefir kröfu sinni til styrðnings lagt fram:
1, Vitnisburð Runólfs Þorleifssonar um landamerki Laugarness, dags. 9. febrúarm. 1605,
2, Vitnisburð Þórhalla Oddssonar um sama, dags. 23. s. m. s. ár.
3, Lögfestu Guðrúnar Einarsdóttur, fyrir sömu jörðu, dags. 20. febr. 1747,
4, lögfestu Jarþrúðar Sæmundsdóttur fyrir sömu jörðu, dags. 16. mai 1785,
5, ennfremur hefir hann lagt fram ýmis vottorð, sem flest þeirra hafa verið staðfest fyrir rjetti og
6, afstöðuuppdrátt af Klepps- Laugarness- og Bústaðalandi með afmörkuðu þrætulandinu.
Eptir skjölum þessum telur stefnandinn, að merkin sjeu, „úr Hauganda í Fossvogi uppí Fossaöldu, úr Fossaöldu uppí Klofningssteina fyrir sunnan girðingar stefnda og þaðan í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg.“
Stefndi aptur á móti hefir haldið því fram, að þessi Klofningssteinn eða Klofningssteinar sjeu miklu neðar í Fossvogi norðanvert við lækinn og jafnframt getið þess, að hann fyrir rúmum 40 árum síðan, eða rjettara sagt faðir sinn hefi gjört töluverð mannvirki á hinu umþrætta landi mótmælalaust af hálfu Laugarnesseiganda, og að það þannig hafi verið notað af ábúendum Bústaða. Það, sem stefnandinn byggir kröfu sína á um Klofningssteina, er fyrst framburður Þórhalls Oddssonar hinn 23. febr. 1605,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem svo er að orði komizt, að stefnan sje „úr Hanganda í Fossvogi uppí Fossakeldu; úr Fossakeldu ofaní Klofningsstein, þaðan í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg.“ Þessi sömu merki eru optrjett tekin upp í hinum framlögðu lögfestum svo og í afsalsbrjefi fyrir Laugarnesi rskjal nr. 10 og sömuleiðis í landamerkjalýsingu fyrir Laugarnesi, rskjal nr. 20. Svo hefir stefnandi lagt fram ýms vjellarvottorð frá gömlum mönnum, í hverjum þau skýra frá því um merki þessi og Klofningsstein, sem þeim sagt hefir verið, hvar þau sjeu, og hvað þau álíti um þau og virðast öll vera byggð á hinum sama framburði Þórhalls Oddssonar; en samt sem áður ber þeim eigi saman um merkin; tvö þeirra hafa sem sje borið, að merkin úr Bústaðaborg sjeu í svonefndan „Söðulstein“ – annað þeirra hefir tekið fram, að steinn þessi sje fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg –, en hann finnst fyrir austan og sunnan Bústaðaborg. – Dómendurnir hafa nú gengið á þessi umþrættu merki með málspörtum og skoðað þá steina, sem þeir hafa haldið fram sem næsta merki við Bústaðaborg. Um stein sækjanda er það að segja, að hann er þvínær í há-suður frá Bústaðaborg, og getur, eptir því, sem fram er komið í málinu, alls eigi álitizt að vera merkjasteinn sá, sem skjölin ræða um og sem eigi að standa í vestur og suður frá Bústaðaborg. Aptur á móti hefir stefndi haldið fram steini, sem er langt niðri Háaleytis-mýri; en hann virðist eptir eðli sínu og legu heldur eigi geta talizt merkjasteinn. Dómurinn getur því hvorugan steininum aðhyllzt sem merkjastein, og bætir því við, að



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann eigi hafi sjeð sjer fært að finna nokkurn slíkan
stein í þeirri tilteknu stefnu. Þar sem undir eins sje
er kominn ruglingur á landamerkin, getur dómurinn
ómögulega aðhyllzt að Klofningssteinar þeir, sem máls-
partar hvorum sig hafa bent á, geti verið hornmark
og það af þessum ástæðum:
Að því er fyrst Klofningssteina þá snertir, sem stefnand-
inn hefir bent á, þá er við þá að athuga:
1, að skjöl þau og skilríki, sem hann byggir legu þeirra á,
eru öll óeiðfest utanrjettarvottorð, óviðurkenndar lögfestur og
framburður vitna um ummæli, sem þau hafa
heyrt og sjálf álitið, eins og áður er tekið fram,
2, að dómurinn getur eigi álitið, að steinar þessir sjeu Klofn-
ingssteinar, eða hafi átt nokkru sinni saman og
3, að þeir sjeu mjög óglöggir og hafi því verið óeðlilegt að taka
þá sem hornmark. Ennfremur skal dómurinn geta
þess, að Fossa-kelda sú, sem skjölin ræða um, sje enn ó-
fundin og getur rjetturinn engan skilning byggt á henni.
Þegar þarnæst kemur til Klofningssteina þeirra, sem
stefndi heldur fram, þá eru þeir að vísu sem klofningar
eðlilegri en steinar stefnanda, en dómurinn getur
samt eigi fallizt á þá sem hornmark og það af þessum
ástæðum:
1, að hvort sem Hangandi í Fossvogi sje talinn vera við
Fossvog norðanverðan eða suður við Fossvogslæk – en vitn-
in hefir greint á um það –, þá hefir dómurinn eigi
getað fundið neina keldu og því eigi neina Fossakeldu
á því svæði að þessum Klofningssteinum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2, verður rjettvísinni að álíta, að steinar þessir vafalaust sjeu í landsstykki því, sem nefnt sje Fossvogur og sem í afsalsbrjefi, dags. 27. febr. 1857 skýlaust er tekið fram, að sje Laugarnessland og

3, hefir enginn haldið þessum steinum fram sem merk-steinum, nema stefndi og faðir hans og eitt vitni, en framburði þess hefir verið mótmælt.

Eptir þessu verður dómurinn því að álíta, að hinir rjettu Klofningssteinar, sem skjölin ræða um, sjeu sem ó-fundnir.

Af ástæðum þeim, sem hjer eru teknar fram, getur landamerkjadómurinn eigi aðhyllzt kröfur málsparta um landamerkin milli hinna umgetnu jarða og álít-ur því rjettast að setja þau með hæfilegu tilliti til kröfu málsparta, afstöðu jarðanna og eðli landsins, og virð-ast því merkin rjettast ákveðin: Úr þrísteinum og í Bústaðaborg og þaðan beina línu á fjallið Keili, skekkju-laust til beggja handa, þar til þrýtur land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogsland.

Að því er dagpeninga og ferðakostnað sýslumanns og dagpeninga meðdómenda snertir, þá er sá kostn-aður í máli þessu samtals 52 krónur. Af þessari upp-hæð greiði sækjandi 9 krónur, sem er kostnaður við merkjagöngu sem átti að fram fara hinn 23. júlí þ. á., en var frestað eptir hans beiðni eða umboðsmanns hans. En að því er snertir hinar 43 krónur, þá virðist hæfilegt, að þær skiptist jafnt á milli málsparta þann-ig, að stefnandinn greiði alls 30 kr. 50 a. en stefndi 21 kr. 50 a.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annar málskostnaður falli niður

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Langarness og Bústaða skulu vera:
„Úr þrísteinum og í Bústaðaborg; úr Bústaðaborg bein
„stefna á fjallið „Keili" skekkjulaust til beggja hliða, þar til
„þrýtur land Langarness og Bústaða og tekur við Kópa-
„vogsland."

Ofangreindan kostnað, að upphæð 52 – fimmtíu og tvær – krónur, greiði stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur með 30 kr. 50 – þrjátíu krónum og fimmtíu aurum – en stefndi kaupmaður H. Th. A. Thomsen með 21 kr. 50 – tuttugu og einni krónu og fimmtíu aurum, sem greiðist til dómsforseta, sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum. Annar málskostnaður falli niður.

Franz Siemsen.

Þórður Guðmundsson. G. Gíslason. Halldór Jónsson. Þ. Runólfsson.

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið

Franz Siemsen

Þórður Guðmundsson. Halldór Jónsson. G. Gíslason. Þ. Runólfsson.

\# \# +

1/. Dómsgjörðum þessum fylgja skjölin Nr. 6, 7, 8 og 9 en dupló eru og skjölin Nr. 12, 18. 19 og 21.

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli

Franz Siemsen

Útgjöld 18 arkir = Kr 9.00

Stf. & innsigli 0.41

= Kr 9.41 – níu krónur fjörutíu og einn eyri –

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur